

Sem ástríðufull óperusöngkona, tónskáld og kennari sem hefur m.a. stofnað Óperu Skagafjarðar og menningarfélagið DreamVoices sem hefur sett upp á svið meira en tíu stórar óperusýningar, tónlistarkennari með tuttugu ára reynslu langar mig að sjá Þjóðaróperu vera í góðu samstarfi við og styrkja landsbyggðina og grasrótastarfið þar. Sömuleiðis vera í sterku samstarfi við tónlistarskólans til að vekja athygli barna á óperu og tryggja bjarta framtíð og nýja óperuáhorfendur á Íslandi. Samstarf með grasrótinni getur verið með; styrkjum - faglegri ráðgjöf - aðstöðu í Reykjavík til að setja upp sýningar - markaðssetningu ofl.

## Svör við ræðu Birgis Þórarinssonar við framsögu á frumvarpi um stofnun Þjóðaróperu 23/3/24

Kæra allsherjar- og menntamálanefnd,

Við fyrstu umræðu á Alþingi um frumvarp um Þjóðaróperu síðastliðið þriðjudagskvöld, þá kom ræða háttvirts þingmanns, Birgis Þórarinssonar, spánkt fyrir sjónir. Hún virkaði frekar sem lestur úr ársskýrslu Íslensku Óperunnar en ræða um frumvarp um Þjóðaróperu. Ég finn mig því knúinn til að leiðrétta þónokkrar af þeim fullyrðingum sem þar komu fram.

Kærar kveðjur,

Andri Björn Róbertsson

Óperusöngvari og stjórnarmaður í Fagfélagi klassískra söngvara á Íslandi, Klassís

**„Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar felur það í sér að óperustarfsemi á Íslandi verður færð undir beina stjórn ríkisins en að formi til sett aftur inn í Þjóðleikhúsið... Tilgangur frumvarpsins virðist vera að færa meginhluta óperustarfsemi á Íslandi undir beina stýringu ráðherra.“**

*Þetta er auðvitað ekki rétt. Í fyrsta lagi verður óperan ekki undir beinni stjórn ríkisins eða ráðherra fremur en Þjóðleikhúsið eða Dansflokkurinn, Í öðru lagi er ekki verið að setja óperuna „aftur“ inn í Þjóðleikhúsið, enda er þá verið að gefa í skyn að verið sé að hverfa til hins gamla fyrirkomulags og líta fram hjá áratuga óperumeningu. Hér er um að ræða allt annað fyrirkomulag heldur en áður var, aðgreint fjármagn, sjálfstæðan óperustjóra, aðgreint vinnurými o.fl. auk þess sem fram er sett framtíðarsýn með jafnræði milli sviðslistastofnananna.*

**„ÍÓ hefur farið mun betur en aðrir með fé eins og samanburður við sambærilegar óperustofnanir í nágrannalöndunum sýnir.“**

*Gaman væri að vita í samanburði við hvaða stofnanir ÍÓ kemur svona vel út? Þetta er fullyrðing án raka.*

**„Þjóðarópera er þegar til staðar og henni má koma í farveg með mun einfaldari hætti en reynt er að gera með frumvarpinu.“**

*Hér er verulegra skýringa þörf. Uppsetningin á Þjóðaróperu er hvorki sérstaklega flókin, né augijóst hvernig sjálfseignarstofnun er einfaldari leið.*

**„Mér finnst markmið frumvarpsins ekki nægilega skýrt, sama má segja um listræn eða rekstrarleg markmið. Segja má að það sé búið að fórna sjálfstæði óperunnar og verið að snúa 44 ár aftur í tíma með því að gera hana að deild í Þjóðleikhúsinu en undirsetja hana ráðherra á flestum sviðum. Gengur gegn ríkjandi stefnu annars staðar á Vesturlöndum.“**

*Þetta er auðvitað ekki rétt heldur og það þarf ekki að lesa mikið af frumvarpinu til að sjá bæði listræn og rekstrarleg markmið þess. Leitað er eftir eins mikilli rekstrarlegri samlegð og unnt er með samstarfi við Þjóðleikhúsið og Hörpu á meðan stefnt skal að öflugri samfelldri starfsemi sem bætir við hefðbundinn óperuflutning fræðslustarfi, óperustúdíói, stuðningi við grasrót, samstarfi við landsbyggð, framþróun formsins og sköpun nýrra verka, svo eitthvað sé nefnt. Hvaðan hefur þingmaðurinn þær upplýsingar að frumvarpið gangi gegn ríkjandi stefnu annars staðar á Vesturlöndum?*

**„Verið að færa starfsemina undir Þjóðleikhúsið án þess að starfsemin lúti stjórn Þjóðleikhússtjóra eða Þjóðleikhúsráðs.”**

*Það er skýrt tekið fram í frumvarpinu að óperustjóri heyrir undir þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráð ber ábyrgð á áætlunum óperunnar.*

**„Í frumvarpinu fer lítið fyrir kostnaðar- og ábatagreiningu, gert er ráð fyrir margföldun kostnaðar ríkisins án þess að reynt sé að greina ábatann.”**

*Það er skýrt tekið fram í frumvarpinu hvað Þjóðarópera á að kosta og þegar lýsingin á starfseminni er lesin af manneskju með viðeigandi þekkingu er augljóst í hvað peningarnir eiga að fara. Það verða að sjálfsgöðu veittar eins mikla upplýsingar varðandi fjárhagsáætlanir og fyrirkomulag eins og óskað er eftir af þinginu fyrir nefndarvinnu o.fl. en sundurliðuð kostnaðaráætlun á ekki heima í frumvarpi.*

**„Hvers vegna mega ákvarðanir um óperuflutning ekki vera í höndum einkaaðila lengur eins og verið hefur? Er ekki unnt að vera með ákveðinn fjölda söngvara sem ríkisstarfsmenn án þess að ríkið sjái þeim fyrir hlutverkum?”**

*Umræðan um hvernig listastarfsemi ríkið á að halda utan um er víðfeðm en þó er ljóst að óperustarfsemi á Íslandi hefur alltaf verið kostuð af ríkinu. Það er ekki sýnt að rekstur óperunnar sem sjálfseignarstofnunar hafi haft neina sérstaka kosti og hin síðari ár jafnvel leitt til alvarlegra vandamála. Þá er hér ekki alveg ljóst hvers konar stofnun verið er að lýsa: sjálfseignarstofnun þar sem starfsfólkið er þó ráðið af ríkinu? Til hvers heldur þingmaðurinn að óperusöngvarar séu ráðnir ef engin eru hlutverkin?*

**„Hvað þýðir að ló hafi skort bolmagn? Var ekki jafnrétti hjá Íslensku óperunni? Og hvað þýðir inngilding í þessu tilfelli?”**

*Þetta þýðir einfaldlega að með stækkuðum ramma utan um samfellda starfsemi, breytt fyrirkomulag og skýr réttindi og skyldur getur Þjóðarópera sinnt kröfum um jafnrétti, inngilding og fjölbreytileika í gegnum fræðslu- og skólaverkefni, samstarfs- og þróunarverkefni, miklu betur en Íslenska óperan hafði tök á, með sín ágætu en fremur stöðluðu og fáu verkefni.*

**„Það verður aldrei ákveðið með lögum að menningarstarf skuli aukast og að það sé vegna áforma um sameiningu stofnana.”**

*Vissulega ekki, en með auknu fjármagni og stækkuðum ramma utan um fjölpætta listsköpun eru þó allar líkur á að það muni gerast.*

**„Það er engin tilviljun að Sinfóníuhljómsveit Íslands er ekki að spila undir í Þjóðleikhúsinu eða Íslenska dansflokknum eða hjá Íslensku óperunni. Að ætla að gefa opinber fyrirmæli um það að þannig eigi hljóðfærleikarar að starfa leiðir ekki til góðs.”**

*Hér myndi margur segja: Því er nú verr og miður! Sí er rekin af ríkinu og gerir nákvæmlega það sem hún er beðin um. Að ímynda sér að hún starfi algerlega óháð vija stjórnvalda er undarlegt.,*

**„Frumvarpið kveður ekki á um ný listræn markmið...þess er ekki getið hvernig þessir 12 söngvarar skuli nýttir eða fjöldi söngstöðugilda sett í samhengi við fjölda sýninga.”**

*Það er ekki hlutverk lagafrumvarps að setja fram listræna stefnu eða leggja upp leikár Þjóðaróperu. Til þess verður ráðinn óperustjóri, enda væri annað versta tegund forsjárhyggju.*

**„Ætla má að stefnt sé að 6-7 stórum sýningum á ári og hafa slíkar tölur komið fram í fjölmiðlum.”**

*Hvar hafa slíkar tölur komið fram? Stefnt er að einni stórrí uppþærslu í Eldborg á ári og einni á stóra sviði Þjóðleikhússins. Það má vera ljóst að öll hin starfsemin sem Þjóðarópera mun sinna kostar einnig sitt og því augljóst að svo margar stórar sýningar eru ekki á dagskrá..*

**„Aðeins er rætt um samstarf Þjóðaróperu og listastofnana utan Reykjavíkur en engin áþreifanleg markmið eru sett í því sambandi.“**

*Yfirleitt er markmiðið með samstarfi einnar listastofnunar við aðra það að búa til list. Hér er markmiðið augljóslega að sameinast um að búa til óperulist, ýmist sem sýningar, fræðsluverkefni eða annað.*

**„Velta má því fyrir sér hvort þeim markmiðum sem koma fram í frumvarpinu sé hægt að ná með einfaldari leiðum en gert er hér ráð fyrir.“**

*Fram að þessu hefur þingmaður gagnrýnt frumvarpið fyrir að ekki komi fram markmið þess. Hvað á hann þá við hér?*

**„Hægt er að fastráða söngvara með auknu fjárframlagi og þetta var reynt hjá ÍÓ við misjafnan árangur.“**

*Þetta var vissulega stórt skref fyrir íslenska söngvara á sínum tíma og gaf mjög góða raun.. Lækkun framlags ríkisins leiddi til þess að þessu var hætt, og er það e.t.v. dæmi um veika stöðu sjálfseignarstofnunar í þessu tilliti.*

**„Tímabundnar ráðningar geta orðið ungum söngvurum mikill stuðningur við að efla listrænan þroska og starfsframa og skýrt samhengi þarf þá að vera á milli fjárveitinga, fjölda stöðugilda og raunverulegra þarfa.“**

*Hér er aftur verið að gagnrýna frumvarpið fyrir að leggja ekki fram nákvæma uppsetningu á leikári Þjóðaróperu. Þetta samhengi verður augljóslega til staðar ef reka á þessa stofnun farsællaga.*

**„Íslenska óperan hefur gert þetta allt og getur gert þetta allt betur...“**

*Það efast enginn um ágæti Íslensku óperunnar né það góða starf sem þar hefur verið unnið í gegnum árin. Nú er hins vegar tímabært að stíga næsta skrefið fyrir óperulist á Íslandi, en það markast með stofnun Þjóðaróperu. Þetta frumvarp fjallar ekki um ÍÓ og mikil vinna árum saman hefur leitt að gerð frumvarpsins eftir umsagnir fjölda einstaklinga og hagaðila.*

**„Í greinargerð með frumvarpinu segir að Þjóðaróperu sé heimilt að hafa tekjur af eigin starfsemi og taka aðgangseyri. Þarna vantar markmið. Að sama skapi verður ekki séð að gerðar séu kröfur hvað þetta varðar.“**

*Hér er um að ræða staðlað orðalag um menningarstofnanir sem endurspeglar lög um Þjóðleikhúsið og Íslenska dansflokkinn með því að veita þeim lagalega heimild til að seija inn á sýningar sínar, þótt þær séu fjármagnaðar af skattborgurum. Það kemur á óvart að þingmaður skuli standa upp og halda langa ræðu um breytingu á sviðslistalögum án þess að vera betur kunnugur þeim. Hvað varðar markmið og sértekjurkröfur, þá ætti þingmanni einnig að vera ljóst að hvoru tveggja sæta breytingum og eiga ekki heima í þessum lögum.*

**„Ekki er minnst á sjálfbærni...ÍÓ hefur átt í samstarfi við erlendar óperur um samnýtingu sviðsmynda, búninga og uppþærslna. Með því sparast fé og sóun á öllum sviðum minnkar og umhverfismarkmið nást.“**

*Það má deila um það hvort það að flytja inn sviðsmyndir og búninga er umhverfisvænna en að búa sýningar til á Íslandi. Hitt er þó víst að Þjóðarópera mun leggja áherslu á að virkja íslenskt sviðslistafólk fram yfir innfluttar sýningar, en jafnvel þó það kosti fleiri krónur er þannig fjárfest í íslenskri listsköpun og hugviti.*

**„Eðlilegt væri að frumvarpið myndi leiða til ávinnings, listræns eða fjárhagslegs. Ekki er að sjá að sýnt sé fram á það og ekki er að sjá að þessi atriði séu raunverulega kveikja frumvarpsins. Snúist málið ekki um rekstrarleg sjónarmið og hag ríkissjóðs er ástæðulaust fyrir stjórnámálamenn að hafa puttana í listsköpun. Þeir eiga að skapa umgjörð og svigrúm til að ná megi langt en ekki álíta að vegna ákvarðana þeirra verði samin fleiri tónverk eða settar upp betri og fleiri sýningar.“**

*Það er mikill misskilningur að frumvarp til breytinga á sviðslistalögum skuli lagt fram til að lýsa yfir listrænum sjónarmiðum eða styrkja hag ríkissjóðs. Það er hins vegar einmitt hlutverk þessa frumvarps að skapa umgjörð og svigrúm fyrir óperulist og hvetja sviðslistafólk okkar til dáða með fjármunum, tækifærum og aðstöðu fyrir listsköpun sína.*

**„Með samþykkt frumvarpsins verður Þjóðarópera ekki sjálfstæð stofnun heldur deild í Þjóðleikhúsinu. Almennt er hins vegar viðurkennt að fullt sjálfstæði sé best í skapandi greinum. Í frumvarpinu felst ákveðið ráðherraræði í óperumálum á Íslandi, eins undarlega og það hljómar.“**

*Markmiðið með stofnun Þjóðaróperu innan Þjóðleikhússins er að nýta sem best þá innviði sem þjóðin á nú þegar til framleiðslu sviðslistasýninga. Því fylgja málamiðlanir fyrir báðar stofnanir en einnig bæði tækifæri og kostir. Mikið hefur verið í lagt að varðveita bæði sjálfstæði óperunnar og stöðugleika leikhússins en einnig er undirbúin framtíðarsýn þar sem jafnræði ríkir milli stofnananna. Það er fráleitt að tala um ráðherraræði í þessu samhengi.*

**„Ríkisstuðningur hefur verið mismikill eftir árferði í ríkisfjármálum...þetta hefur skapað ríkan hvata hjá Íslensku óperunni til að nýta fjármagn vel og leggja áherslu á að afla sem mestra eigin tekna...Íslenska óperan er gott dæmi um það hvernig samstarf einkaaðila og ríkisins hefur sannarlega verkað til góðs.“**

*Það kemur spánkt fyrir sjónir að Íslenska óperan skuli nú teija fjárskort sér til tekna, ekki síst í ijósi deilna sem staðið hafa við starfsfólk um kaup og kjör. Þá má benda á að til margra ára hafa framlög til óperunnar sem ekki eru opinbert fé verið nálægt 0% .*

Mál: 936. mál Sviðslistir (Þjóðarópera)

Umsagnaraðili: Andri Björn Róbertsson, óperusöngvari og stjórnarmaður í Fagfélagi klassískra söngvara á Íslandi, Klassís

Dagsetning: 26/4/2024

Kæra allsherjar- og menntamálanefnd,

Mig langar að senda ykkur hér blaðgrein um frumvarp um þjóðaróperu sem ég birti nýlega á Vísi. Einnig sendi ég ykkur svör við punktum úr ræðu háttvirts þingmanns, Birgis Þórarinssonar, við fyrstu umræðu um málið á Alþingi. Ræðan kom spáskt fyrir sjónir og ég finn mig knúinn til að leiðrétta þær fjölmörgu villur sem þar komu fram. Einnig beini ég því til ykkar að fulltrúi úr Klassís, Fagfélagi klassískra söngvara á Íslandi, verði kallaður fyrir nefndina, enda aðalhagsmunasamtök óperusöngvara á Íslandi.

Kærar kveðjur,

Andri Björn Róbertsson

Óperusöngvari og stjórnarmaður í Fagfélagi klassískra söngvara á Íslandi, Klassís

## Þjóðarópera - stórt skref til framtíðar

Árið 1957 talaði Ragnhildur Helgadóttir, alþingiskona, fyrir því á þingi að stofnaður yrði "Íslenskur óperuflokkur". Nú, tæpum 70 árum síðar, liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytingu á lögum um sviðslistir, þar sem lögð er til stofnun Þjóðaróperu. Þetta er í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Íslands frá 2021.

Með lagaramma um Þjóðaróperu verður sess óperulistarinnar tryggður til framtíðar. Frumvarpið nýtur mikillar samstöðu þvert á listgreinar, eins og sjá má í samráðsgátt stjórnarráðsins.

Með stofnun Þjóðaróperu verður óperulistin loksins jöfn leik og dansi í lögum um sviðslistir. Starfsemi Þjóðaróperu verður innan Þjóðleikhússins, en kostir samlegðar þessara tveggja stofnana eru augljósir þegar kemur að samnýtingu stoðdeilda auk þekkingar á leikhúsvinnu. Það kostar mun minna að styrkja stoðdeildir Þjóðleikhússins heldur en að stofna nýjar deildir, yrði Þjóðarópera sjálfstæð stofnun. Þrátt fyrir að Þjóðarópera starfi innan Þjóðleikhússins þá hefur listrænt og fjárhagslegt sjálfstæði Þjóðaróperu verið tryggt. Aðsetur Þjóðaróperu verður þó í Hörpu og munu rými þar, sem áður hýstu stoðdeildir, nýtast betur til æfinga fyrir listamenn.

Lagt er til að til verði stöðugildi fyrir bæði einsöngvara og kórsöngvara til samræmis við stöðugildi leikara við Þjóðleikhúsið, hljóðfæraleikara við Sinfóníuhljómsveit Íslands og dansara við Íslenska dansflokkinn. Þetta er því mikið jafnréttismál innan sviðslista á Íslandi en einnig forsenda þess að hægt verði að halda samfellu í starfi og tryggja það að

Þjóðarópera geti sinnt landsbyggðinni, fræðslustarfi, þróun listformsins og frumsköpun. Samfelld dagskrá mun svo einnig styrkja menningartengda ferðamennsku á Íslandi. Þessi stöðugildi tryggja líka að ákveðið fjármagn fari til listamannanna sjálfrá. Hægt er að skipta þessum stöðugildum upp og ráða söngvara til lengri eða skemmri tíma. Hér er verið að styrkja stöðu listamannsins, en um leið halda módelinu sveigjanlegu.

Fjármagn til Þjóðaróperu mun aukast yfir fimm ár þangað til óperan hefur náð fullri mynd árið 2028. Það er því farið varlega og skynsamlega af stað, í takt við stefnu ríkisins um ábyrga fjármálastjórn. Í þessu sambandi bera að nefna að stuðningur einkageirans við menningarlíf á Íslandi er nánast enginn. Ópera er eitt dýrasta listformið vegna þess fjölda sem kemur að hverri uppfærslu og engin dæmi eru um einkarekin óperuhús í Evrópu, sem halda úti samfelldri starfsemi.

En þetta er bara byrjunin, því að langtímamarkmiðið er að Þjóðarópera, Þjóðleikhúsið og Íslenski dansflokkurinn verði undir sameiginlegri stjórn en hver eining með sinn listræna stjórnanda. Auk þess stendur til að gerður verði samstarfssamningur við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þar með munu stöðdeildir, sameiginleg reynsla og þekking nýtast betur svo meira fjármagn megi renna til listarinnar sjálfrar. Þetta er í fullu samræmi við skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2021 þar sem mælt er með sameiningu eða aukinni samvinnu sviðs- og tónlistarstofnana ríkisins og bent í því samhengi á að sviðslistir á vegum hins opinbera í Danmörku séu reknar undir einum hatti. Þetta er einnig í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að ríkisstofnanirnar verðir færri og sterkari rekstrareiningar.

Með því að styrkja stoðir óperulistarinnar verður til nýr heimur í listasenu á Íslandi. Margvísleg störf innan sviðslista- og tónlistarheimsins munu skapa nýja möguleika, nýja þekkingu og ný tækifæri fyrir skapandi greinar á Íslandi. Hin sterku hagkerfi listanna byggja upp þekkingu og tækifæri og næra hvert annað. Listamenn og tæknimenn vinna þvert á greinar. Sumt byggir á samfellu í starfi með fastráðningum eins og í leikhúsunum, en aðrar greinar eins og kvikmyndagerð byggja á stórum alþjóðlegum styrkjum og innlendum styrkjum og endurgreiðslu. Þjóðarópera mun byggja á samstarfi við aðrar stofnanir, sérstaklega á landsbyggðinni, tónlistarskólana og kóra og auknum stuðningi og samstarfi við grasrótina, sem hefur verið sérstaklega blómleg undanfarin ár. Lögð verður áhersla á þróun listformsins og frumsköpun, t.a.m. samstarf við íslensk tónskáld um nýjar íslenskar óperur. Fræðslustarf verður eftt, sem og samband Þjóðaróperu við Listaháskóla Íslands með það fyrir augum að búa til óperustúdíó fyrir unga söngvara. Stærri uppfærslur Þjóðaróperu munu geta veitt yfir 100 sérmenntuðu starfsfólki vinnu og margfeldisáhrifin eru mikil. Þjóðarópera verður heldur ekki bundin við eitt rými og getur því ferðast um landið og nýtt hefðbundin og óhefðbundin rými til sýninga. Hér er því ekki verið að byggja neinn fílabEinsturn heldur nútímalega og sveigjanlega stofnun sem er í sambandi við fólkið sem hún þjónar.

Íslenska þjóðin er með afbrigðum söngelsk. Fjölmargir hafa sungið eða syngja í kórum, og stunda söngnám. Nýlega var meira að segja stofnaður kór þingmanna. Alltaf er uppselt á óperusýningar, bæði á stóru uppfærslurnar sem og minni sýningar sjálfstæðra grasrótahópa. Frá árinu 2000 hafa komið fram yfir 80 ný íslensk óperuverk. Það er því ekki hægt að segja annað en að hér búi miklir hæfileikar og þekking, en ekki síst eftirspurn eftir meiri óperu. Það er því fagnaðarefni að loksins verði hægt að bjóða upp á samfellu í starfsemi Þjóðaróperu, og að Íslendingar geti loks staðið jafnfætis öðrum Evrópuþjóðum

þegar kemur að samfelldri hágæða óperustarfsemi, fyrir landsmenn alla og einnig þá sem vilja sækja landið heim.

Um aldamótin 1900 söng fyrsti íslenski óperusöngvarinn, Ari Johnson, víðsvegar um Evrópu. Fyrsta óperusýningin á Íslandi, Systirin frá Prag eftir Wenzel Müller, var sýnd árið 1937. Fyrsta óperusýningin í Þjóðleikhúsinu var sýning Kongunglegu óperunnar í Stokkhólmi á Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart árið 1950, og ári síðar réðst Þjóðleikhúsið í sína fyrstu óperuuppfærslu, Rigoletto eftir Verdi. Árið 1979 var óperan I Pagliacci eftir Leoncavallo sýnd í Háskólabíói af hópi undir forystu Garðars Cortes. Þessi hópur stofnaði svo Íslensku óperuna árið 1980 og sýndi sína fyrstu sýningu af Sígaunabaróninum í Gamla bíói árið 1982. Nú er komið að næsta stóra skrefi til framtíðar, stofnun Þjóðaróperu.

## **Svör við ræðu Birgis Þórarinssonar við framsögu á frumvarpi um stofnun Þjóðaróperu 23/3/24**

**„Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar felur það í sér að óperustarfsemi á Íslandi verður færð undir beina stjórn ríkisins en að formi til sett aftur inn í Þjóðleikhúsið... Tilgangur frumvarpsins virðist vera að færa meginhluta óperustarfsemi á Íslandi undir beina stýringu ráðherra.“**

*Þetta er auðvitað ekki rétt. Í fyrsta lagi verður óperan ekki undir beinni stjórn ríkisins eða ráðherra fremur en Þjóðleikhúsið eða Dansflokkurinn, Í öðru lagi er ekki verið að setja óperuna „aftur“ inn í Þjóðleikhúsið, enda er þá verið að gefa í skyn að verið sé að hverfa til hins gamla fyrirkomulags og líta fram hjá áratuga óperumeningu. Hér er um að ræða allt annað fyrirkomulag heldur en áður var, aðgreint fjármagn, sjálfstæðan óperustjóra, aðgreint vinnurými o.fl. auk þess sem fram er sett framtíðarsýn með jafnræði milli sviðslistastofnananna.*

**„ÍÓ hefur farið mun betur en aðrir með fé eins og samanburður við sambærilegar óperustofnanir í nágrannalöndunum sýnir.“**

*Gaman væri að vita í samanburði við hvaða stofnanir ÍÓ kemur svona vel út?Þetta er fullyrðing án raka.*

**„Þjóðarópera er þegar til staðar og henni má koma í farveg með mun einfaldari hætti en reynt er að gera með frumvarpinu.“**

*Hér er verulegra skýringa þörf. Uppsetningin á Þjóðaróperu er hvorki sérstaklega flókin, né augljóst hvernig sjálfseignarstofnun er einfaldari leið.*

**„Mér finnst markmið frumvarpsins ekki nægilega skýrt, sama má segja um listræn eða rekstrarleg markmið. Segja má að það sé búið að fórna sjálfstæði óperunnar og verið að snúa 44 ár aftur í tíma með því að gera hana að deild í Þjóðleikhúsinu en undirsetja hana ráðherra á flestum sviðum. Gengur gegn ríkjandi stefnu annars staðar á Vesturlöndum.“**

*Þetta er auðvitað ekki rétt heldur og það þarf ekki að lesa mikið af frumvarpinu til að sjá bæði listræn og rekstrarleg markmið þess. Leitað er eftir eins mikilli rekstrarlegri samlegð og unnt er með samstarfi við Þjóðleikhúsið og Hörpu á meðan stefnt skal að öflugri samfelldri starfsemi sem bætir við hefðbundinn óperuflutning fræðslustarfi, óperustúdíói, stuðningi við grasrót, samstarfi við landsbyggð, framþróun formsins og sköpun nýrra verka, svo eitthvað sé nefnt. Hvaðan hefur*



*Þingmaðurinn þær upplýsingar að frumvarpið gangi gegn ríkjandi stefnu annars staðar á Vesturlöndum?*

**„Verið að færa starfsemina undir Þjóðleikhúsið án þess að starfsemin lúti stjórn Þjóðleikhússtjóra eða Þjóðleikhúsráðs.“**

*Það er skýrt tekið fram í frumvarpinu að óperustjóri heyrir undir þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráð ber ábyrgð á áætlunum óperunnar.*

**„Í frumvarpinu fer lítið fyrir kostnaðar- og ábatagreiningu, gert er ráð fyrir margföldun kostnaðar ríkisins án þess að reynt sé að greina ábatann.“**

*Það er skýrt tekið fram í frumvarpinu hvað Þjóðarópera á að kosta og þegar lýsingin á starfseminni er lesin af manneskju með viðeigandi þekkingu er augljóst í hvað peningarnir eiga að fara. Það verða að sjálfsögðu veittar eins mikla upplýsingar varðandi fjárhagsáætlanir og fyrirkomulag eins og óskað er eftir af þinginu fyrir nefndarvinnu o.fl. en sundurliðuð kostnaðaráætlun á ekki heima í frumvarpi.*

**„Hvers vegna mega ákvarðanir um óperuflutning ekki vera í höndum einkaaðila lengur eins og verið hefur? Er ekki unnt að vera með ákveðinn fjölda söngvara sem ríkisstarfsmenn án þess að ríkið sjái þeim fyrir hlutverkum?“**

*Umræðan um hvernig listastarfsemi ríkið á að halda utan um er víðfeðm en þó er ljóst að óperustarfsemi á Íslandi hefur alltaf verið kostuð af ríkinu. Það er ekki sýnt að rekstur óperunnar sem sjálfseignarstofnunar hafi haft neina sérstaka kosti og hin síðari ár jafnvel leitt til alvarlegra vandamála. Þá er hér ekki alveg ljóst hvers konar stofnun verið er að lýsa: sjálfseignarstofnun þar sem starfsfólkið er þó ráðið af ríkinu? Til hvers heldur þingmaðurinn að óperusöngvarar séu ráðnir ef engin eru hlutverkin?*

**„Hvað þýðir að ló hafi skort bolmagn? Var ekki jafnrétti hjá Íslensku óperunni? Og hvað þýðir inngilding í þessu tilfelli?“**

*Þetta þýðir einfaldlega að með stækkuðum ramma utan um samfellda starfsemi, breytt fyrirkomulag og skýr réttindi og skyldur getur Þjóðarópera sinnt kröfum um jafnrétti, inngildingu og fjölbreytileika í gegnum fræðslu- og skólaverkefni, samstarfs- og þróunarverkefni, miklu betur en Íslenska óperan hafði tök á, með sín ágætu en fremur stöðluðu og fáu verkefni.*

**„Það verður aldrei ákveðið með lögum að menningarstarf skuli aukast og að það sé vegna áforma um sameiningu stofnana.“**

*Vissulega ekki, en með auknu fjármagni og stækkuðum ramma utan um fjölþætta listsköpun eru þó allar líkur á að það muni gerast.*

**„Það er engin tilviljun að Sinfóníuhljómsveit Íslands er ekki að spila undir í Þjóðleikhúsinu eða Íslenska dansflokknum eða hjá Íslensku óperunni. Að ætla að gefa opinber fyrirmæli um það að þannig eigi hljóðfæraleikarar að starfa leiðir ekki til góðs.“**

*Hér myndi margur segja: Því er nú verr og miður! Sí er rekin af ríkinu og gerir nákvæmlega það sem hún er beðin um. Að ímynda sér að hún starfi algerlega óháð vilja stjórnvalda er undarlegt.,*

**„Frumvarpið kveður ekki á um ný listræn markmið...þess er ekki getið hvernig þessir 12 söngvarar skuli nýttir eða fjöldi söngstöðugilda sett í samhengi við fjölda sýninga.“**

*Það er ekki hlutverk lagafrumvarps að setja fram listræna stefnu eða leggja upp leikar Þjóðaróperu. Til þess verður ráðinn óperustjóri, enda væri annað versta tegund forsjárhyggju.*

**„Ætla má að stefnt sé að 6-7 stórum sýningum á ári og hafa slíkar tölur komið fram í fjölmiðlum.“**

*Hvar hafa slíkar tölur komið fram? Stefnt er að einni stórrri uppfærslu í Eldborg á ári og einni á stóra sviði Þjóðleikhússins. Það má vera ljóst að öll hin starfsemin sem Þjóðarópera mun sinna kostar einnig sitt og því augljóst að svo margar stórar sýningar eru ekki á dagskrá..*

**„Aðeins er rætt um samstarf Þjóðaróperu og listastofnana utan Reykjavíkur en engin áþreifanleg markmið eru sett í því sambandi.“**

*Yfirleitt er markmiðið með samstarfi einnar listastofnunar við aðra það að búa til list. Hér er markmiðið augljóslega að sameinast um að búa til óperulist, ýmist sem sýningar, fræðsluverkefni eða annað.*

**„Velta má því fyrir sér hvort þeim markmiðum sem koma fram í frumvarpinu sé hægt að ná með einfaldari leiðum en gert er hér ráð fyrir.“**

*Fram að þessu hefur þingmaður gagnrýnt frumvarpið fyrir að ekki komi fram markmið þess. Hvað á hann þá við hér?*

**„Hægt er að fastráða söngvara með auknu fjárframlagi og þetta var reynt hjá ÍÓ við misjafnan árangur.“**

*Þetta var vissulega stórt skref fyrir íslenska söngvara á sínum tíma og gaf mjög góða raun.. Lækkun framlags ríkisins leiddi til þess að þessu var hætt, og er það e.t.v. dæmi um veika stöðu sjálfseignarstofnunar í þessu tilliti.*

**„Tímabundnar ráðningar geta orðið ungum söngvurum mikill stuðningur við að efla listrænan þroska og starfsframa og skýrt samhengi þarf þá að vera á milli fjárveitinga, fjölda stöðugilda og raunverulegra þarfa.“**

*Hér er aftur verið að gagnrýna frumvarpið fyrir að leggja ekki fram nákvæma uppsetningu á leikári Þjóðaróperu. Þetta samhengi verður augljóslega til staðar ef reka á þessa stofnun farsællega.*

**„Íslenska óperan hefur gert þetta allt og getur gert þetta allt betur...“**

*Það efast enginn um ágæti Íslensku óperunnar né það góða starf sem þar hefur verið unnið í gegnum árin. Nú er hins vegar tímabært að stíga næsta skrefið fyrir óperulist á Íslandi, en það markast með stofnun Þjóðaróperu. Þetta frumvarp fjallar ekki um ÍÓ og mikil vinna árum saman hefur leitt að gerð frumvarpsins eftir umsagnir fjölda einstaklinga og hagaðila.*

**„Í greinargerð með frumvarpinu segir að Þjóðaróperu sé heimilt að hafa tekjur af eigin starfsemi og taka aðgangseyri. Þarna vantar markmið. Að sama skapi verður ekki séð að gerðar séu kröfur hvað þetta varðar.“**

*Hér er um að ræða staðlað orðalag um menningarstofnanir sem endurspeglar lög um Þjóðleikhúsið og Íslenska dansflokkinn með því að veita þeim lagalega heimild til að selja inn á sýningar sínar, þótt þær séu fjármagnaðar af skattborgurum. Það kemur á óvart að þingmaður skuli standa upp og halda langa ræðu um breytingu á sviðslistalögum án þess að vera betur kunnugur þeim. Hvað varðar markmið og sértekjurkröfur, þá ætti þingmanni einnig að vera ljóst að hvoru tveggja sæta breytingum og eiga ekki heima í þessum lögum.*

**„Ekki er minnst á sjálfbærni...ÍÓ hefur átt í samstarfi við erlendar óperur um samnýtingu sviðsmynda, búninga og uppfærslna. Með því sparast fé og soun á öllum sviðum minnkar og umhverfismarkmið nást.“**

*Það má deila um það hvort það að flytja inn sviðsmyndir og búninga er umhverfisvænna en að búa sýningar til á Íslandi. Hitt er þó víst að Þjóðarópera mun leggja áherslu á að virkja íslenskt sviðslistafólk fram yfir innfluttar sýningar, en jafnvel þó það kosti fleiri krónur er þannig fjárfest í íslenski listsköpun og hugviti.*

**„Eðlilegt væri að frumvarpið myndi leiða til ávinnings, listræns eða fjárhagslegs. Ekki er að sjá að sýnt sé fram á það og ekki er að sjá að þessi atriði séu raunverulega kveikja frumvarpsins. Snúist málið ekki um rekstrarleg sjónarmið og hag ríkissjóðs er ástæðulaust fyrir stjórnámálamenn að hafa puttana í listsköpun. Þeir eiga að skapa umgjörð og svigrúm til að ná megi langt en ekki álíta að vegna ákvarðana þeirra verði samin fleiri tónverk eða settar upp betri og fleiri sýningar.“**

*Það er mikill misskilningur að frumvarp til breytinga á sviðslistalögum skuli lagt fram til að lýsa yfir listrænum sjónarmiðum eða styrkja hag ríkissjóðs. Það er hins vegar einmitt hlutverk þessa frumvarps að skapa umgjörð og svigrúm fyrir óperulist og hvetja sviðslistafólk okkar til dáða með fjármunum, tækifærum og aðstöðu fyrir listsköpun sína.*

**„Með samþykkt frumvarpsins verður Þjóðarópera ekki sjálfstæð stofnun heldur deild í Þjóðleikhúsinu. Almennt er hins vegar viðurkennt að fullt sjálfstæði sé best í skapandi greinum. Í frumvarpinu felst ákveðið ráðherraræði í óperumálum á Íslandi, eins undarlega og það hljómar.“**

*Markmiðið með stofnun Þjóðaróperu innan Þjóðleikhússins er að nýta sem best þá innviði sem þjóðin á nú þegar til framleiðslu sviðslistasýninga. Því fylgja málamiðlanir fyrir báðar stofnanir en einnig bæði tækifæri og kostir. Mikið hefur verið í lagt að varðveita bæði sjálfstæði óperunnar og stöðugleika leikhússins en einnig er undirbúin framtíðarsýn þar sem jafnræði ríkir milli stofnananna. Það er fráleitt að tala um ráðherraræði í þessu samhengi.*

**„Ríkisstuðningur hefur verið mismikill eftir árferði í ríkisfjármálum...þetta hefur skapað ríkan hvata hjá Íslensku óperunni til að nýta fjármagn vel og leggja áherslu á að afla sem mestra eigin tekna...Íslenska óperan er gott dæmi um það hvernig samstarf einkaaðila og ríkisins hefur sannarlega verkað til góðs.“**

*Það kemur spánkt fyrir sjónir að Íslenska óperan skuli nú telja fjárskort sér til tekna, ekki síst í ljósi deilna sem staðið hafa við starfsfólk um kaup og kjör. Þá má benda á að til margra ára hafa framlög til óperunnar sem ekki eru opinbert fé verið nálægt 0% .*

Þjóðarópera - stórt skref til framtíðar

Árið 1957 talaði Ragnhildur Helgadóttir, alþingiskona, fyrir því á þingi að stofnaður yrði “Íslenskur óperuflokkur”. Nú, tæpum 70 árum síðar, liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytingu á lögum um sviðslistir, þar sem lögð er til stofnun Þjóðaróperu. Þetta er í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Íslands frá 2021.

Með lagaramma um Þjóðaróperu verður sess óperulistarinnar tryggður til framtíðar. Frumvarpið nýtur mikillar samstöðu þvert á listgreinar, eins og sjá má í samráðsgátt stjórnarráðsins.

Með stofnun Þjóðaróperu verður óperulistin loksins jöfn leik og dansi í lögum um sviðslistir. Starfsemi Þjóðaróperu verður innan Þjóðleikhússins, en kostir samlegðar þessara tveggja stofnana eru augljósir þegar kemur að samnýtingu stoðdeilda auk þekkingar á leikhúsvinnu. Það kostar mun minna að styrkja stoðdeildir Þjóðleikhússins heldur en að stofna nýjar deildir, yrði Þjóðarópera sjálfstæð stofnun. Þrátt fyrir að Þjóðarópera starfi innan Þjóðleikhússins þá hefur listrænt og fjárhagslegt sjálfstæði Þjóðaróperu verið tryggt. Aðsetur Þjóðaróperu verður þó í Hörpu og munu rými þar, sem áður hýstu stoðdeildir, nýtast betur til æfinga fyrir listamenn.

Lagt er til að til verði stöðugildi fyrir bæði einsöngvara og kórsöngvara til samræmis við stöðugildi leikara við Þjóðleikhúsið, hljóðfæraleikara við Sinfóníuhljómsveit Íslands og dansara við Íslenska dansflokkinn. Þetta er því mikið jafnréttismál innan sviðslista á Íslandi en einnig forsenda þess að hægt verði að halda samfelli í starfi og tryggja það að Þjóðarópera geti sinnt landsbyggðinni, fræðslustarfi, þróun listformsins og frumsköpun. Samfelld dagskrá mun svo einnig styrkja menningartengda ferðamennsku á Íslandi. Þessi stöðugildi tryggja líka að ákveðið fjármagn fari til listamannanna sjálfra. Hægt er að skipta þessum stöðugildum upp og ráða söngvara til lengri eða skemmri tíma. Hér er verið að styrkja stöðu listamannsins, en um leið halda módelinu sveigjanlegu.

Fjármagn til Þjóðaróperu mun aukast yfir fimm ár þangað til óperan hefur náð fullri mynd árið 2028. Það er því farið varlega og skynsamlega af stað, í takt við stefnu ríkisins um ábyrga fjármálastjórn. Í þessu sambandi bera að nefna að stuðningur einkageirans við menningarlíf á Íslandi er nánast enginn. Ópera er eitt dýrasta listformið vegna þess fjölda sem kemur að hverri uppfærslu og engin dæmi eru um einkarekin óperuhús í Evrópu, sem halda úti samfelldri starfsemi.

En þetta er bara byrjunin, því að langtímamarkmiðið er að Þjóðarópera, Þjóðleikhúsið og Íslenski dansflokkurinn verði undir sameiginlegri stjórn en hver eining með sinn listræna stjórnanda. Auk þess stendur til að gerður verði samstarfssamningur við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þar með munu stoðdeildir, sameiginleg reynsla og þekking nýtast betur svo meira fjármagn megi renna til listarinnar sjálfra. Þetta er í fullu samræmi við skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2021 þar sem mælt er með sameiningu eða aukinni samvinnu sviðs- og tónlistarstofnana ríkisins og bent í því samhengi á að sviðslistir á vegum hins opinbera í Danmörku séu reknar undir einum hatti. Þetta er einnig í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að ríkisstofnanirnar verðir færri og sterkari rekstrareiningar.

Með því að styrkja stoðir óperulistarinnar verður til nýr heimur í listasenu á Íslandi. Margvísleg störf innan sviðslista- og tónlistarheimsins munu skapa nýja möguleika, nýja þekkingu og ný tækifæri fyrir skapandi greinar á Íslandi. Hin sterku hagkerfi listanna byggja upp þekkingu og tækifæri og næra hvert annað. Listamenn og tæknimenn vinna þvert á greinar. Sumt byggir á samfelli í starfi með fastráðningum eins og í leikhúsunum, en aðrar greinar eins og kvikmyndagerð byggja á stórum alþjóðlegum styrkjum og innlendum styrkjum og endurgreiðslu. Þjóðarópera mun byggja á samstarfi við aðrar stofnanir, sérstaklega á landsbyggðinni, tónlistarskólana og kóra og auknum stuðningi og samstarfi við grasrótina, sem hefur verið sérstaklega blómleg undanfarin ár. Lögð verður áhersla á þróun listformsins og frumsköpun, t.a.m. samstarf við íslensk tónskáld um nýjar íslenskar óperur. Fræðslustarf verður eftir, sem og samband Þjóðaróperu við Listaháskóla Íslands með það fyrir augum að búa til óperustúdíó fyrir unga söngvara. Stærri uppfærslur Þjóðaróperu munu geta veitt yfir 100 sérmenntuðu starfsfólki vinnu og margfeldisáhrifin eru mikil. Þjóðarópera verður heldur ekki bundin við eitt rými og getur því ferðast um landið og nýtt hefðbundin og óhefðbundin rými til sýninga. Hér er því ekki verið að byggja neinn fílabEinsturn heldur nútímalega og sveigjanlega stofnun sem er í sambandi við fólkið sem hún þjónar.

Íslenska þjóðin er með afbrigðum söngelsk. Fjölmargir hafa sungið eða syngja í kórum, og stunda söngnám. Nýlega var meira að segja stofnaður kór þingmanna. Alltaf er uppselt á óperusýningar, bæði á stóru uppfærslurnar sem og minni sýningar sjálfstæðra grasrótahópa. Frá árinu 2000 hafa komið fram yfir 80 ný íslensk óperuverk. Það er því ekki hægt að segja annað en að hér búi miklir hæfileikar og þekking, en ekki síst eftirspurn eftir meiri óperu. Það er því fagnaðarefni að loksins verði hægt að bjóða upp á samfelli í starfsemi Þjóðaróperu, og að Íslendingar geti loks staðið jafnfætis öðrum Evrópuþjóðum þegar kemur að samfelldri hágæða óperustarfsemi, fyrir landsmenn alla og einnig þá sem vilja sækja landið heim.

Um aldamótin 1900 söng fyrsti íslenski óperusöngvarinn, Ari Johnson, víðsvegar um Evrópu. Fyrsta óperusýningin á Íslandi, Systirin frá Prag eftir Wenzel Müller, var sýnd árið 1937. Fyrsta óperusýningin í Þjóðleikhúsinu var sýning Kongunglegu óperunnar í Stokkhólmi á Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart árið 1950, og ári síðar réðst Þjóðleikhúsið í sína fyrstu óperuuppfærslu, Rigoletto eftir Verdi. Árið 1979 var óperan I Pagliacci eftir Leoncavallo sýnd í Háskólabíói af hópi undir forystu Garðars Cortes. Þessi hópur stofnaði svo Íslensku óperuna árið 1980 og sýndi sína fyrstu sýningu af Sígaunabaróninum í Gamla bíói árið 1982. Nú er komið að næsta stóra skrefi til framtíðar, stofnun Þjóðaróperu.

Andri Björn Róbertsson

Höfundur er óperusöngvari og stjórnarmaður í Fagfélagi klassískra söngvara á Íslandi

Egilsstöðum, 10. maí 2024

936. mál, lagafrumvarp um Sviðlistir, Þjóðaróperu

154. löggjafarþing 2023 – 2024

Umsögn um frumvarp um sviðslistir – Þjóðaróperu

Sem stofnandi og formaður listhópsins Austuróp sem stendur fyrir óperusýningum, flutningi óperutónlistar og lifandi tónlistar á Austurlandi síðan 2020, vil ég hér með lýsa eindregnum stuðningi við stofnun Þjóðaróperu á Íslandi.

Fagkunnátta, menntun, listrænn metnaður og gæði innan listforsmsins hafa vaxið og dafnað frá því fyrst voru fluttar óperur á Íslandi um miðja síðustu öld. Þau sem starfa í faginu standa standa frammi fyrir sömu áskorunum og ekki aðeins allir listamenn á Íslandi heldur allir íbúar landsins: Við erum að vinna á litlum markaði. Þessi litli markaður sprengir samt alla ramma hvar sem við lítum á sviði vísinda, þróunar, rannsókna, menningar og lista. Tónlistarmenntun er á háu stigi og uppskeran ríkuleg. Fagmenn á sviði óperunnar, þeirra á meðal undirrituð hafa þurft að leita sér lífsviðurværis utan landssteinanna áratugum saman. Aðstæður hér heima, (styrkjaumhverfi, fagmennska og tónleikasalir, svo eitthvað sé nefnd) eru slíkar að möglegt er að koma heim og halda áfram starfi hér og deila af dýrmætri reynslu, innan menntastofnana og grasrótarinnar, t.d. með Austuróp. Það sem ávallt hefur vantað, er stofnun sem býður möguleika til stöðugrar starfsemi, kórs, fastráðinna einsöngvara, búningadeildar og svo framvegis, þar sem ríkja fagleg vinnubrögð og trú á framþróun listformsins.

Samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands er borðleggjandi og þjóða stofnanir upp á samstarfsmöguleika á báða bóga, fastráðinn kór og einsöngvarar tekið þátt í tónleikum hljómsveitarinnar og félagar hljómsveitarinnar leikið á sýningum Þjóðaróperu. Það er löngu tímabært að óperutónlist hér á landi sitji að sömu gæðum listrænnar stjórnunar og reksturs frá hinu opinbera og Þjóðleikhúsið og Íslenski dansflokkurinn. Tengingin við landsbyggðina er mikilvægt verkefni, þar sem tónlistarmenntun og tónlistarlíf eru blómleg í öllum landsfjórðungum og áður taldar liststofnanir eru ekki stofnanir höfuðborgarinnar þó þær séu staðsettar þar, heldur Íslands, landsins alls og þeirra sem landið byggja.

Virðingarfyllt,

Hlín Pétursdóttir Behrens  
Litluskógum 1  
700 Egilsstöðum



**Bandalag íslenskra listamanna**  
*Federation of Icelandic artists*

**Efni: Umsögn Bandalags íslenskra listamanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera)**

Til allsherjar- og menntamálanefndar.

Bandalag íslenskra listamanna, lýsir eindregnum stuðningi við frumvarp um þjóðaróperu sem nú liggur fyrir Alþingi og gerir bandalagið engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

BÍL hefur verið virkur þátttakandi með ráðuneyti menningarmála við undirbúning þessarar lagasetningar og lagt áherslu á að samráð og fagmennska sé höfð að leiðarljósi við vinnuna og er endanleg niðurstaða sem liggur nú fyrir niðurstaða víðtæks samtals við alla hlutaðeigandi aðila.

Lagafrumvarpið er mikilvægt skref í átt að mótun sviðslistastofnunar sem sameina mun þrjár greina sviðslista: leiklist, dans og óperu. Þá framtíðarsýn styður BÍL heilshugar.

Jóna Hlíf Halldórsdóttir

forseti Bandalags íslenskra myndlistarmanna.

Umsögn vegna frumvarps um breytingar á lögum um sviðslistir nr. 165/2019

Mál 936 - Þjóðarópera

Ágætu nefndarmenn.

Undirritaður er menntaður óperusöngvari og hefur m.a. tekið þátt í nokkrum uppfærslum Íslensku óperunnar, síðast í óperunni Ragnheiði eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson. Ég hef fylgst náið með málefnum er snerta óperu og óperuflutning í 30 ár og birt greinar tengdar óperulistinni í Morgunblaðinu og Vísbendingu á umliðnum árum.

Undirritaður fagnar frumvarpinu sem ber með sér þær grundvallarbreytingar á starfsumhverfi og -aðstæðum söngvara sem hafa lengi verið helsta markmið þeirra er vilja efla hag sönglistar á Íslandi.

**Víðtækur stuðningur**

Skal hér fullyrt að yfirgnæfandi meirihluti þeirra er koma að menningar- og listastarfsemi í landinu eru jákvæðir gagnvart stofnun Þjóðaróperu. Er sú fullyrðing studd niðurstöðum sem birtar hafa verið í skýrslum úr hinu langa og vandaða ferli sem liggur að baki frumvarpinu og minnst er á í umsögn Páls Baldvins Baldvinssonar. Jafnframt endurspeglast hinn breiði vilji landsmanna einnig í innsendum umsögnum bæði til Allsherjar- og menntamálanefndar sem og í samráðsgátt stjórnvalda.

**Söngvarar-útlagar**

Íslenskir einsöngvarar hafa borið hróður landsins víða síðastliðin 150 ár eða þar um bil. Eitt af því sem þeir flestir eiga sameiginlegt er að hafa orðið eins konar útlagar — til að sinna listsköpun hafa tugir íslenskra söngvara dæmst til að dveljast langdvölum erlendis fjarri ættingjum og vinum. Er það með miklum ólíkindum að eftir um 70 ára baráttu hafi ekki enn tekist að búa söngvurum viðunandi starfsgrundvöll hér á landi.

**Stórhugur stjórnvalda**

Sé litið til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Þjóðleikhússins er augljóst hvers stórhugur er megnugur. Hvern hefði órað fyrir því að nokkrum áratugum eftir að þessum menningarstofnunum var komið á laggirnar ætti íslenska þjóðin t.d. framúrskarandi sinfóníuhljómsveit sem flytur landsmönnum 100 tónleika á ári hverju, oft fyrir húsfylli, og hæfileikaríka leikara sem eru eftirsóttir á alþjóðlegum markaði. Það er næsta víst að þetta hefði ekki gerst án öflugrar aðkomu hins opinbera sem tryggði starfsgrundvöll innan þessara listgreina.

**Sönglandið Ísland**

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Íslendingar eru söngþjóð. Söngur er vinsælasta grein tónlistariðkunar og -náms hér á landi. Hið opinbera styrkir á ári hverju marga söngvara til frekara söngnáms erlendis, einhverjir þeirra vildu sjálfsgætt snúa heim að námi loknu en hins vegar stendur



þeim það ekki til boða því engin eru störfin. Þessu til sannindamerkis er fyrirbyggjandi umsögn til Allsherjar- og menntamálanefndar frá fleiri tugum ungra söngvara um að stofna beri Þjóðaróperu. Þegar allur sá fjöldi stöðugilda sem standa til boða fyrir leikara, hljóðfæraleikara og dansara á vegum hins opinbera er hafður til hliðsjónar má öllum ljóst vera hversu mjög hallar á hlut sönglistarinnar.

Frumvarp þetta er löngu tímabært og er til þess fallið að efla mjög sviðslistir á Íslandi og jafna það misræmi sem gætir í stuðningi hins opinbera við hinar þrjár opinberu tegundir sviðslista; sönglist, leiklist og dans.

Fráleitt er að undanskilja eina tegund lista þ.e. söng og segja að um hana gildi önnur lögmál en um leik, dans og hljóðfæraleik t.d. hvað varðar rekstur, listrænt frelsi og listrænt gildi sköpunar. Frumvarpið felur einnig í sér skýra framtíðarsýn um rekstrarfyrirkomulag sviðslista með samlegð, skilvirkni og árangur að leiðarljósi.

Telst það í hæsta máta mótsagnakennt af hálfu þeirra sem gagnrýnt hafa frumvarp þetta að kalla eftir því í einu orði að stjórnvöld setji fram listræna stefnu í lagafrumvarpi en í hinu næsta að segja fjarlægð frá hinu opinbera tryggi listræn gæði. Í þessu frumvarpi er ráðuneyti menningarmála ekki falið að móta listræna stefnu heldur er óperustjóra falið það hlutverk.

Ef ríkisrekin Sinfónía og Þjóðleikhús skila þjóðinni jafn frábærum listrænum árangri og raun ber vitni þá er engin ástæða til að ætla að öðru máli muni gegna um Þjóðaróperu. Reyndar geymir sagan mörg dæmi stórkostlegra óperusýninga í Þjóðleikhúsinu.

### **Óperusýningar í Þjóðleikhúsi frá 1972 - 2004**

Því ber að halda til skila að í tíð Sveins Einarssonar, Gísla Alfreðssonar og Stefáns Baldurssonar þ.e. frá 1972 til 2004 voru settar á svið í Þjóðleikhúsinu margar stórkostlegar óperusýningar við miklar vinsældir svo sem Carmen árið 1975 sem sýnd var 51 sinni og komu ríflega 27 þúsund óperugestir á þá sýningu. Aðrar sögufrægar sýningar Þjóðleikhússins frá þessum árum mætti tína til svo sem La Boheme, Silkitrommuna, Grímudansleik og Á valdi örlaganna. Um Grímudansleik var kynnt sérstaklega að einungis yrðu um 15 sýningar þar sem Kristján Jóhannsson þyrfti að hverfa af landi brott.

Einnig voru sýndar óperur í samstarfi við Íslensku óperuna og/eða Listahátíð t.d. Ævintýri Hoffmanns með Garðar Cortes í aðalhlutverki sem sýnd var í 18 skipti. Hér verður líka nefna stytta útgáfu af stórvirki Wagners sjálfum Niflungahringnum sem Selma Guðmundsdóttir fer yfir í umsögn Wagnerfélagsins um frumvarp þetta.

Allar framangreindar sýningar í Þjóðleikhúsinu hlutu lof fyrir gæði og listrænt gildi. Vöktu þær almenna hrifningu og óperugestir flykkust á sýningar. Gildir hér hið fornkveðna að miklu veldur hver á heldur.

### **Rekstur óperuhúsa**

Það er mikill munur á rekstri óperuhúsa í heiminum. Í fyrsta lagi er það meginlandshugsunin sem leggur áherslu á „verkið“ sem er öðruvísi en hin ensk-ameríska markaðshugsun. Í öðru lagi er það ítalska vertíðarskipulagið „stagione“ gegn hinu norður-evrópska dagskrárskipulagi „repertoire“. Þessi kerfi hafa bæði kosti og galla og hafa þróast hvert í sínu samfélagi.

Til þess að rekstur óperu á Íslandi gangi sem best þarf að nýta sér bestu eiginleika þessara leiða og stuðla að samvinnu bæði heima fyrir og erlendis. Frumvarp þetta er til þess fallið að gera óperustarfsemi á Íslandi kleift að hámarka nýtingu fjármuna þeirra sem hið opinbera leggur til

óperuflutnings á ári hverju meðal annars með samnýtingu við þá innviði Þjóðleikhússins sem til staðar eru.

Í þessu efni er kjörið að líta til Norðurlandanna en þar eru Þjóðaróperur starfræktar alls staðar utan Íslands. Ef stóru óperurnar í Svíþjóð eru skoðaðar þ.e. Konunglega óperan í Stokkhólmi, Gautaborgaróperan og Malmöóperan sést að þær hafa allar sterka leikhúsinnsviði líkt og Þjóðleikhúsið á Íslandi s.s. til framleiðslu á sviðsmyndum og búningum.

### **Föst stöðugildi – ekki æviráðning**

Í frumvarpinu um Þjóðaróperu er gert ráð fyrir stöðugildum en ekki æviráðningum og er það í samræmi við ríkjandi stefnu á Vesturlöndum. Sem dæmi má nefna óperuna í Bergen en þar er í ársskýrslu 2022 tilgreint að 11 manns séu fastráðnir en því deilt á 9,6 stöðugildi sömuleiðis er tilgreint að önnur aðkeypt störf (listamenn, tæknimenn og stjórnun) hafi numið 26,3 ársverkum. Að vísu er óperan í Bergen sérstök að því leyti að stórir og kostnaðarmiklir þættir rekstursins s.s. hljómsveit og kór eru greiddir af hinu opinbera með öðrum hætti en beint af rekstrarreikningi óperunnar.

### **Hagkvæmni felst í samnýtingu innviða**

Rekstur óperu og leikhúsa er sérstakur að mörgu leyti. Ekki síst fyrir þá sök að það þarf nákvæmlega jafn marga einstaklinga til að flytja ákveðna óperu/leikverk í dag og þurfti við frumflutninginn, þó hann hafi verið fyrir segjum 100 árum, því liggja möguleikar til hagkvæmni helst í samnýtingu stoðsviða líkt og Þorleifur Örn Arnarson fer yfir í umsögn sinni.

### **Samstarf og endurupptökur**

Samstarf á milli óperuhúsa, leikhúsa og hátíða auk þess að endursýna eldri uppfærslur hefur um margra áratuga skeið verið á stefnuskrá vel rekinna óperuhúsa og er m.a. gert til þess að lækka framleiðslukostnað. Samkvæmt frumvarpinu verður leitast eftir víðtæku samstarfi við uppsetningar.

Séu t.d. árin 1988 – 1994 skoðuð í rekstri ÍÓ kemur í ljós að af 11 sýningum var ein í samvinnu við Þjóðleikhús (Ævintýri Hoffmanns, 1988), ein í samvinnu við Listahátíð og Þjóðleikhús (Niflungahringurinn, 1994), ein endursýnd á Listahátíð með búninga frá Þjóðleikhúsi (Rígólettó, 1990), Ein endurupptekin og einnig sýnd norðan heiða í Ydölum (Töfraflautan, 1991), tvær enduruppteknar og sýndar í Gautaborgaróperunni (Carmina burana/Pagliacci og Otello 1992) og loks ein fengin frá norsku óperunni (Tosca, 1989). Semsagt í 7 verkum af 11 var um samstarf/endurupptöku að ræða. Sýnir framangreind upptalning að fremur hefur dregið úr samstarfi og endurupptökum ÍÓ hin síðari ár.

Vinsælasta óperusýning þessarar aldar var óperan Ragnheiður eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson sáu hana um 15.000 óperugestir árið 2014 og eru þeir þá ekki taldir sem sáu frumflutninginn og sýningarnar í Skálholti.

Óperan Ragnheiður hafði þá sérstöðu að samsetning áheyrendahópsins var mun yngri en gerist og gengur á óperusýningum. Allir búningar og hin tiltölulega einfalda og látlausa sviðsmynd voru með þeim hætti að einfalt er setja óperuna upp. Hætt var við sýningar fyrir stappfullu húsi og vekur það furðu margra hvers vegna svo vinsæl og tiltölulega auðveld sýning í uppsetningu hefur ekki verið endurflutt hjá ÍÓ sl. áratug.

Sömuleiðis vekur sú ákvörðun furðu að hætta sýningum á Brúðkaupi Fígarós fyrir fullu húsi í Þjóðleikhúsinu árið 2019 eða endursýna hana ekki árið 2020 þegar ÍÓ var hvort eð er ekki með neina óperusýningu.

## Mælikvarðar á óperurekstur

Óperan er ekki afmarkað fyrirbæri í tómarúmi. Óperan er hluti samfélagsins og markmið hennar því, öðrum þræði hið minnsta, samfélagslegt. Í þeim tilvikum þar sem forysta óperuhúsa hefur tekið mið af samfélaginu, skoðað ákvarðanir um óperusýningar reglubundið aftur í tímann til þess að finna út hvað hefur gengið vel og hvort og þá hvaða mistök voru gerð í vali á óperum, þá hefur árangurinn reynst góður. Á forystu óperhúsa hvíla því ýmsar skyldur þ.m.t. rekstrarskyldur, listrænar skyldur, siðferðislegar og samfélagslegar skyldur.

Ýmsar leiðir eru til að meta virkni og starfsemi óperustofnana t.d. fjöldi sýningakvölda og fjöldi uppfærslna, fjöldi áhorfenda sem hlutfall af mannfjölda eða niðurgreiðsla hins opinbera á hvern seldan miða.

## Fjöldi óperugesta

Því hefur ranglega verið haldið fram að íslenskur óperumarkaður beri aðeins tvær stórar sýningar á ári. Þetta sést vel ef saga óperuflutnings er skoðuð. Árið 1982 voru óperugestir á Íslandi samtals um 60 þúsund. Það ár var ÍÓ með þrjár sýningar og Þjóðleikhúsið tvær, hér verður einnig að taka til greina að Íslendingar voru mun færri þá en nú.

Hvað eftir annað á síðustu hálfri öld hefur heildarfjöldi gesta á eina óperuuppfærslu verið á milli 15 og 20 þúsund manns. Síðasta uppfærsla sem náði þvílíkum fjölda var óperan Ragnheiður 2014. Með þetta í huga hljóma undarlega staðhæfingar um tiltekinn hámarksfjölda óperusýninga sem íslenskur markaður ber.

Niðurstöður rannsókna frá ýmsum vestrænum ríkjum benda til að hlutfall þeirra er sækja óperur sé á milli 3 og 7% af mannfjölda. Þetta þýðir að hugsanlegur markaður fyrir hverja óperusýningu á Íslandi í dag sé á milli 12 og 28 þúsund manns. Þessi fjöldi óperugesta rímar ágætlega við sögulegar aðsóknartölur Þjóðleikhúss og ÍÓ. Því miður hefur aðsókn að sýningum ÍÓ undanfarin ár verið langt undir þessum viðmiðum.

## Fjöldi sýninga á ári

Rekstur ÍÓ síðustu ár hefur meira verið í ætt við litlar óperuhátíðir en rekstur fullburða óperuhúss. Með frumvarpinu um Þjóðaróperu er hins vegar stefnt að samfellu í starfi og að fjölga uppsetningum nokkuð frá því sem nú er.

Árið 2016 sýndi Íslensku óperan Don Giovanni og Évgení Onegin, fimm sýningarkvöld hvor. Til samanburðar má taka árið 1988 þá sýndi ÍÓ þrjár óperur; Don Giovanni, Ævintýri Hoffmanns og Litla sótarann samanlagt 57 sýningarkvöld.

Árið 2017 sýndi ÍÓ óperuna Tosca og voru það samtals fimm kvöld. Sama ár var útfærsla af óperunni Mannsröddin flutt við píanóundirleik í fimm skipti í minnsta sal Hörpu svokölluðu Kaldalóni.

Mannsröddin er ópera fyrir einn söngvara og hljómsveit og skemmst er að minnast uppfærslu Barböru Hannigan og Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Mannsröddinni fyrir fullum Eldborgarsal þann 5. apríl sl. við dýnjandi lófatak og fádæma góðar undirtektir áhorfenda.

Fjöldi uppfærslna og sýningakvölda hjá ÍÓ hin seinni ár stenst engan samanburð við þá óperustarfsemi sem fyrr blómstraði með Þjóðinni og vísað er til hér að framan. Og það á einnig við

um óperusýningar þær sem grasrótin – sjálfstæðir hópar hæfileikafólks – hafa efnt til m.a. vegna þeirrar deyfðar og skorts á tækifærum sem fylgt hefur rekstri Íslensku óperunnar undanfarin ár. Fjárframlög til Íslensku óperunnar hafa þannig hvorki nýst áhugafólki um þessa listgrein og skattgreiðendum almennt né ungu og upprennandi hæfileikafólki á þessu sviði lista. Framkomnar umsagnir leiða í ljós nauðsyn þess að hér verði látið staðar numið.

### **Hvers vegna Þjóðarópera?**

Helstu almennu forsendur fyrir eignarhaldi ríkisins í félögum eru t.d. að tryggja aðgengi almennings að þjónustu á viðunandi verði þ.m.t. menningarupplifun. Nú nýverið skrifuðu íslensk stjórnvöld undir sameiginlega viljayfirlýsingu á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar um standa vörð um menningararf og menningarstarfsemi og heyrir það undir þá forsendu að tryggja framkvæmd samfélagslegrar stefnu á sviði menningarmála.

Ef um markaðsbrest er að ræða ber hinu opinbera að tryggja fjármögnun þar sem stærð verkefna, áhætta og aðrir þættir geta valdið því að erfitt getur verið fyrir einkafyrirtæki að fjármagna þau á hefðbundnum markaðsforsendum. Þetta á við um óperu og óperuflutning sem er hinn fjárfrekasti rekstur allra sviðslista og er hvorki á færi einstaklinga né einstakra fyrirtækja að bjóða uppá sýningar á viðráðanlegu verði til almennings.

Með því að samreka Þjóðleikhús og Þjóðaróperu gefst hinu opinbera færi á að mynda hagkvæmari rekstrareiningu og líkt og stefnt er að með frumvarpinu að skipuleggja rekstur sviðslista til framtíðar í því skyni að ná fram enn meiri árangri og samlegð og tryggja þannig enn betur aðgengi almennings að menningararfinum.

Reykjavík 10. maí 2024

Björn Ingiberg Jónsson

Erla Dóra Vogler

6. maí 2024

### Um umsagnaraðila:

Fyrirverandi söngvari í kór ÍÓ, sjálfstætt starfandi söngkona (Austfirðingur) búsett á Akureyri og ein af stofnendum sviðslistahópsins Hnoðra í norðri, sem nú hefur frumflutt tvær íslenskar barnaóperur í grunnskólum á Norðurlandi eystra og vestra og hlotið Hvatningarverðlaun Eyrarrósarinnar fyrir framlag sitt til menningar á landsbyggðinni.

### Umsögn vegna breytingar á lögum um sviðslistir (Þjóðarópera):

Ég styð eindregið breytingu á lögum um sviðslistir þannig að Þjóðarópera verði stofnuð með þeim hætti sem segir í frumvarpinu.

Sérstaklega gleður mig eftirfarandi:

- að henni sé ætlað að standa fyrir samfelldri starfsemi er nær yfir nýsköpun og tilraunir með listformið, fræðslustarfsemi, samstarf við landsbyggðina og sjálfstæða hópa.
- að óperuformið verði jafnsett leiklistinni og dansinum með lögbundnum stuðningi.
- að grasrótahópar hvar sem er á landinu geti tekið þátt í starfi Þjóðaróperunnar og að ríkuleg áhersla verði lögð á samstarf við aðila á landsbyggðinni á við grasrót.
- að Þjóðaróperan hafi það hlutverk að annast fræðslu- og kynningarstarf og að standa fyrir samstarfsverkefnum í öllum landshlutum.

Einnig er mjög gleðilegt að sjá þann fjölda stöðugilda einsöngvara og kórmeðlima sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Ég tel að þessi lög muni hafa í för með sér algjöra byltingu fyrir óperuformið á Íslandi.



## Umsögn frá Félagi íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum

Varðar: Mál nr. S-46/2024

*Menningar- og viðskiptaráðuneytið - Frumvarp um breytingar á sviðslistalögum nr.165/2019, með nýjum kafla um Þjóðaróperu.*

Reykjavík 10. maí 2024

Hér fyrir neðan er umsögn frá FÍL vegna Þjóðaróperu. Þetta er sambærileg umsögn og áður var send þann 1. mars sl. en við við viljum daga út nokkra áherslupunkta.

- Þjóðleikhússtjóri á að okkar mati ekki að sitja í hæfisnefnd þeirri sem fjallar um ráðningu óperustjóra. Leita skal samræmis við ráðningarferli annarra listrænna stjórnenda – sjá lið 2.
- Óperustjóri skal hafa fullan aðgang að fundum Þjóðleikhússráðs og boðaður á fundi ráðsins til jafns við þjóðleikhússtjóra – sjá lið 1.
- Ráðherra skipar óperustjóra og því óeðlilegt að hann sé undirmaður þjóðleikhússtjóra í skipuriti– sjá lið 2 og 3.
- Óperustjóri skal hafa fullt vald til að ráða starfsfólk Þjóðaróperu – bæði listrænt starfsfólk og aðra sem tilheyra kjarnastarfsemi Þjóðaróperu – sjá lið 3.
- Auglýsingaskylda að loknu hverju 5 ára skipunartímabili listrænna stjórnenda – sjá lið 4. Listrænir stjórnendur bæði Þjóðleikhússins, Íslenska dansflokksins og innan tíðar Þjóðaróperu, hafa gríðarleg völd í heimi sviðslista á Íslandi. Fáar fastar stöður listamanna eru við stofnanirnar og fyrir sjálfstætt starfandi listamenn getur tímabundin verkefnaráðning skipt sköpum, bæði fjárhagslega og faglega. Því skiptir regluleg endurnýjun listrænna stjórnenda máli. Núna má nýta lagaheimild til endurskipunar án auglýsingar. Sviðslistaheimurinn á Íslandi er lítill og það er eðlilegt að hafi listrænn stjórnandi hug á endurskipun í embætti þá sæki hann það í heilbrigðri samkeppni við aðra. Að endurnýja umboðið í kjölfar auglýsingar og umsóknarferlis er ávinningur fyrir stjórnandann og þá stofnun sem um ræðir, og það er það sem skiptir máli. Listræn starfsemi innan stærstu sviðslistastofnana landsins er undir og það er til mikils að vinna að við höfum ávallt okkar besta fólk við stjórnvölinn, þannig þroskast listamenn innan stofnananna og áhorfendur - samfélagið – nýtur góðs af.

Nú stendur fyrir dyrum umtalsverð breyting á starfi þjóðleikhússtjóra þegar Þjóðaróperan tekur til starfa undir merkjum Þjóðleikhússins, verði frumvarp um breytingar á Sviðslistalögum samþykkt. Það eitt og sér kallar á að starf þjóðleikhússtjóra sé auglýst.

Við skorum því á ráðherra menningarmála og alþingi að setja inn í sviðslistalög að stöður listrænna stjórnenda skuli auglýsa á fimm ára fresti.

## Til hamingju með Þjóðaróperu

Við hjá FÍL – Félagi íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum fögnum frumvarpi um breytingar á sviðslistalögum nr. 165/2019 með nýjum kafla um Þjóðaróperu. Það hefur lengi verið baráttumál hjá félögum listamanna innan sviðslista, að jafna stöðu listamanna þannig að þeir sem starfa innan óperulistarinnar standi jafnfætis öðru sviðslistafólki. Söngvarar og aðrir listamenn hafa barist af krafti fyrir bættu starfsumhverfi og aukinni fagmennsku á sínu sviði. Með tilkomu Þjóðaróperu og fyrirsjáanlega föstum stöðum fyrir söngvara þá mun þetta raungerast.

Í framlögðum breytingartillögum á lögum um sviðslistir er farin sú leið að staðsetja nýja Þjóðaróperu á grunni Þjóðleikhúsins frekar en að stofna nýja sviðslistastofnun. Við fögnum þeirri framtíðarsýn sem lagt er upp með í greinargerð frumvarpsins. Samlegð getur orðið umtalsverð og sviðslistir á Íslandi njóta góðs af. Fjárframlög nýtast betur og umsýsla verður skilvirkari sem leiðir af sér að hægt verður að ráða fleiri listamenn til starfa. Listrænn ávinningur getur einnig orðið umtalsverður með aukinni samvinnu sjálfstæðra eininga undir stórrí sviðslistaregnhlíf.

FÍL vill nýta það tækifæri sem samráðsgáttin veitir til að benda á nokkur atriði frumvarpsins sem við teljum, eftir umræður innan stjórnar og á félagsfundum, að æskilegt sé að vinna betur eða skýra nánar.

### 1. Þjóðleikhúsráð og stjórnarnefndir

Tillaga er um að Þjóðleikhúsráð verði stækkað – að tveir nýjir einstaklingar með þekkingu á óperulistinni taki sæti í nýju sjö manna Þjóðleikhúsráð. Þjóðleikhússtjóri situr alla fundi þjóðleikhúsráðs en „Óperustjóri kynnir áætlanir og önnur málefni Þjóðaróperu fyrir þjóðleikhúsráði, sbr. 2. mgr. 5. gr., þegar eftir því er óskað“

Óperustjóri virðist því ekki eiga aðgengi að þjóðleikhúsráði, nema þegar kallað er á hann.

Við gerum tillögu um að skipað verði að nýju í fimm manna þjóðleikhúsráð og að Þjóðarópera fái sitt eigið þriggja manna óperuráð, skipað á sama hátt og listdansráð.

Ráðherraskipaður formaður með staðgóða þekkingu á leiklist og óperulist stýri bæði þjóðleikhúsráði og óperuráði. Þessi tvö ráð funda saman amk tvisvar á hverju leikári að viðstöddum bæði þjóðleikhússtjóra og óperustjóra en þjóðleikhúsráð verður áfram þjóðleikhússtjóra til halds og trausts fyrir kjarnastarfsemi Þjóðleikhússins. Óperuráð verði óperustjóra til halds og trausts vegna starfsemi Þjóðaróperu.

Þetta er afar mikilvægt fyrir sjálfstæði Þjóðaróperu og óperustjóra, að hann hafi sitt eigið ráð en samstarf þessara tveggja eininga liggur í sameiginlegum formanni og samráðsfundum ráðanna tveggja. Það styrkir Þjóðaróperuna og skýtur styrkari stöðum undir starfsemi hennar á meðan unnið er að því verkefni að búa til sjálfstæðar einingar undir einni regnhlíf.

Ef hins vegar verður farið í sjö manna þjóðleikhúsráð þá leggjum við áherslu á að óperustjóri verði boðaður á alla fundi ráðsins. Að nýtt ráð verði skipað frá grunni, þrír frá ráðherra þ.m.t. formaður og fjórir frá fagfélögum innan Sviðslistasambands Íslands (SAFAS – Samráðsvettvangur fag – og stéttarfélaganna innan Sviðslistasambands Íslands). Þess verði gætt

að tveir ráðsmenn (einn frá ráðherra og annar frá fagfélögum ) séu einstaklingar með sérþekkingu á óperulistinni.

## 2. Um skipun Þjóðaróperustjóra.

Í drögnum er fyrirhugað að ráðherra skipi óperustjóra til fimm ára samkvæmt tillögu fimm manna hæfnisnefndar.

Að okkar mati er lögskipuð hæfnisnefnd við skipun óperustjóra óþörf. Ráðherra skipar óperustjóra Þjóðaróperunnar að fenginni umsögn þriggja manna Þjóðaróperuráðs eða sjö manna Þjóðleiks- og óperuráðs og getur kallað til faglega hæfnisnefnd innan ráðuneytis eins og gert var þegar núverandi þjóðleikhússtjóri var skipaður. Það er viðtekin venja þegar ráðnir eru stjórnendur á vegum ríkisins innan menningargeirans.

- Þjóðleikhússtjóri er skipaður til fimm ára að fenginni umsögn Þjóðleikhúsráðs
- Listdansstjóri er skipaður til fimm ára að fenginni umsögn listdansráðs.
- Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðar er skipaður til fimm ára að fenginni umsögn kvikmyndaráðs.

Í framhaldi af umsögn lögbundinna ráða vinnur fagleg hæfnisnefnd mat á umsækjendum og skilar niðurstöðu um hæfi til ráðherra sem að endingu skipar í starfi.

Af hverju ætti skipun Þjóðaróperustjóra að vera með öðrum hætti?

Úr fréttatilkynningu Menningar – og viðskiptaráðherra um skipun Þjóðleikhússtjóra 01.11. 2019

*„Sjö umsóknir bárust um embætti þjóðleikhússtjóra. Þjóðleikhúsráð veitti umsögn, í samræmi við ákvæði leiklistarlaga, og skipaði ráðherra í kjölfarið hæfnisnefnd til að meta hæfi umsækjenda nánar. Nefndin framkvæmdi mat á umsækjendum á grundvelli umsóknargagna og viðtala og skilaði niðurstöðu til ráðherra þar sem fjórir umsækjendur voru metnir hæfastir. Ráðherra boðaði þá í viðtal í kjölfarið þar sem áhersla var lögð á stjórnunar- og leiðtogaþæfileika til viðbótar og stuðnings við það mat sem þegar hafði farið fram“.*

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/11/01/Nyr-thjodleikhusstjori-skipadur/>

Í greinargerð með lagabreytingu er ítrekað talað um sjálfstæði þjóðaróperustjóra sem er skipaður af ráðherra en engu að síður undirmaður þjóðleikhússtjóra. „Óperustjóri heyrir undir þjóðleikhússtjóra í skipuriti...“. eins og segir í lagatextanum gr. 8b.

Samkvæmt drögum situr Þjóðleikhússtjóri í hæfnisnefndinni sem ætlað er að gera tillögu til ráðherra um skipun óperustjóra. Ráðherra skipar og er þar með æðsti yfirmaður en þjóðleikhússtjóri er samt líka yfirmaður og hefur auk þess áhrif á hver er valinn í starf óperustjóra með setu í hæfnisnefnd. Í íslenskum sviðslistaheimi eru ráðherraskipaðir listrænir stjórnendur afar valdamiklir og hafa á sínum starfstíma umtalsverð áhrif á framgang þeirra listamanna sem starfa innan sviðslista. Að auka enn á áhrif þjóðleikhússtjóra í þessu sambandi – að hann eigi aðkomu að vali þess einstaklings sem ráðherra skipar í starf óperustjóra - er í besta falli óheppilegt fyrir okkar litla sviðslistaumhverfi.



### 3. Sjálfstæði óperustjóra

Í lið 3.3 í greinargerð með frumvarpsdrögum segir að óperustjóri sé listrænn stjórnandi Þjóðaróperu og beri ábyrgð á rekstri hennar og fjárhag. Hann ákveði starfsfólk hennar – tónlistarstjóra, framleiðslustjóra óperuverkefna, söngvara og kór og skipuleggi störf áðurnefndra. Óperustjóri velji listrænt teymi fyrir uppfærslur óperuverkefna, hann getur skipað eigið listráð og stýrir listrænni stefnu og verkefnavali. Einnig segir að ljóst sé að náð samstarf þurfi að eiga sér stað á milli óperustjóra og þjóðleikhússtjóra um ýmsa þætti starfseminnar, ekki síst með tilliti til starfsáætlana og fjárhagsramma.

Þetta lítur ekki illa út.

Í drögum að lagatexta um Óperustjóra er talsvert þrengt að óperustjóra miðað við greinargerðina en grein 8b segir:

*„Óperustjóri stýrir Þjóðaróperu, er í fyrirsvari fyrir hana, markar listræna stefnu hennar og ákveður listrænt teymi fyrir hverja uppfærslu. Óperustjóri heyrir undir þjóðleikhússtjóra í skipuriti og skal eiga samráð við hann um gerð fjárhagsáætlana og meiri háttar ákvarðanir er varða rekstur Þjóðaróperu.“.*

Hvaða ákvarðanir í rekstri Þjóðaróperunnar eru meiri háttar og þarfnast samráðs við Þjóðleikhússtjóra?

Verkefnavali?  
Ráðning listamanna, þ.e. söngvara?  
Frumskýningardagar?

Hér þarf nánari skýringu og best væri að verksvið óperustjóra eins og því er lýst í greinargerð rati inn í lagatextann þannig að ótívvætt sé hvaða umboð óperustjóri hefur. Við leyfum okkur að leggja til eftirfarandi:

*Óperustjóri stýrir Þjóðaróperu, er í fyrirsvari fyrir hana, markar listræna stefnu hennar og stýrir verkefnavali. Æskilegt er að við Þjóðaróperu sé starfandi listráð til stuðnings óperustjóra. Óperustjóri ákveður listrænt teymi fyrir hverja uppfærslu og velur aðra þá listrænu starfsmenn sem að óperunni koma s.s. tónlistarstjóra, söngvara og kór. Ráðherra er æðsti yfirmaður óperustjóra. Óperustjóri skal eiga samráð við þjóðleikhússtjóra vegna fjárhagsáætlana fyrir verkefni Þjóðaróperunnar.*

Mjög skýr samningur þarf að liggja fyrir um samstarf Þjóðleikhúss og Þjóðaróperu þar sem kveðið er á um hvernig málum skal háttað, fjárhagslega og listrænt.

(ath *Listrænt teymi* – hér göngum við út frá almennum skilningi innan sviðslistageirans að listrænt teymi séu listrænir stjórnendur: leikstjóri, tónlistarstjóri, leikmyndahöfundur, búningahöfundur, danshöfundur, höfundar lýsingar, hljóðmyndar osfrv. )

### 4. Auglýsing starfa á 5 ára fresti

Þegar lög um sviðslistir voru lögfest taldi FÍL nauðsynlegt að setja inn í lögina að eftir 5 ára skipunartíma yrðu stöður listrænna stjórnenda auglýstar, jafnvel þó hugur ráðherra stæði til endurráðningar viðkomandi.

Sviðslistaheimurinn á Íslandi er lítill og viðkvæmur.

Áhrif listrænna stjórnenda í opinberum sviðslistastofnunum eru mjög mikil og mótandi, bæði fyrir einstaklinga og sviðslistaumhverfið allt.

Það er því mikilvægt að stöðurnar séu auglýstar, að sá sem hefur stýrt í fimm ár og vill vera áfram, þurfi þá með nýrri umsókn að hafa fyrir endurráðningu með því að leggja fram listræna stefnu og sýn og sækja sér umboð uppá nýtt. Aðrir áhugasamir hafa þá möguleika á að sækjast eftir starfinu og koma sinni sýn og listrænum stefnumálum á framfæri.

Að fá sjálfvirka endurráðningu í önnur fimm ár, án samkeppni, er ekki hollt – hvorki fyrir listrænan stjórnanda, stofnanirnar sem þau stýra eða sviðslistaumhverfið í heild sinni.

## 5. Framtíðin er núna

Eins og áður hefur verið sagt – við fögnum framtíðarsýn en óskum eftir tímasettri áætlun um framhaldið þar sem í augu sýn er kjörið tækifæri til að ganga ákveðið til verks og fyrirmyndir sem hægt er að nýta eru nálægt.

Ríkisendurskoðun telur *að skoða beri fýsileika sameininga eða aukinnar samvinnu framangreindra sviðslista- og tónlistarstofnana. Með hliðsjón af eðlisliku kjarnahlutverki mætti kanna hagræði af slíku. Ríkisendurskoðun bendir á að í Danmörku eru sviðslistir á vegum hins opinbera reknar undir einum hatti* eins og segir í skýrslu til alþingis frá 2021.

Í greinargerð er tæpt á sýn til framtíðar um sameiningu/sambættingu stofnana eins og t.d. Þjóðleikhúss, Þjóðaróperu og Íslenska dansflokksins. Þessi drög mæla fyrir sameiningu á þann hátt að Þjóðaróperan er ekki sjálfstæð heldur eining innan Þjóðleikhússins með hálf – sjálfstæðan listrænan stjórnanda og sér bókahaldslykil.

Með þessum drögum er ráðherra að stíga afgerandi skref í átt að samlegð/sameiningu sviðslistastofnana. Því ætti það að vera markmið að stefna að **fyrstu samlegð með nýju fyrirkomulagi frá og með 1. janúar 2025**. Þá yrðu undir einni sameiginlegri yfirstjórn listrænn stjórnandi Þjóðleikhússins og listrænn stjórnandi Þjóðaróperu, og síðar listrænn stjórnandi ÍD.

- **Nýtt skipunartímabil Þjóðleikhússtjóra tekur við 1. janúar 2025**
- **Starfsemi Þjóðaróperu hefst – 1. janúar 2025.**
- **Nýr listdansstjóri verður skipaður frá 1. ágúst 2025**

Með skipan nýs listdansstjóra ÍD hæfist nýr áfangi í sameiningar/sambættingarferlinu en gæta þarf vel að jafnræði milli eininga og stefna að álíka rekstarframlagi og fjölda stöðugilda fyrir ÍD eins og áfrormað er með Þjóðaróperu.

Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar frá árinu 2021 kemur fram að stöðugildi Þjóðleikhússins séu 127,3 og Íslenska dansflokksins 13,5. Fyrirhugað er, skv grein 6.3 í greinargerð með núverandi drögum að breytingum á lögum um Sviðslistir, verði við Þjóðaróperuna 12 full stöðugildi einsöngvara, 16 hálf stöðugildi fyrir kór auk annarra fastra starfsmanna. Samtals yrðu þarna undir 170 – 175 stöðugildi.

Sameining sviðslistastofnananna ÍD, Þjóðleikhússins og Þjóðaróperu er á margan hátt bæði fýsileg og einföld. Kjarasamningar eru líkir eða samhljóða milli stofnananna og reksturinn 100% á forræði ríkisins. Það skal þó undirstrikað að sameiningaráform verða að byggja á jafnræðishugmynd þar sem minni einingar eins og Þjóðarópera og Íslenski dansflokkurinn yrðu fjárhagslega á pari og nytu að fullu listræns sjálfstæðis. Aðstaða ÍD til æfinga og sýninga er bágborin og hefur árum saman verið kallað eftir föstu heimili fyrir ÍD og sjálfstæðu danssenunnar á Íslandi. Danslistamenn hafa í gegnum tíðina komið með ýmsar hugmyndir um rými og hvetjum við ráðherra til skoða þau mál með fulltrúm dansara. Sameining og/eða samþætting sviðslistastofnana hljómar öllu betur ef uppleggið er jafnræði með það markmið að skapa sterkar og sjálfstæðar einingar í stóru opinberu sviðslistaflórinni sem styðja við hver aðra þannig að allir eflist.

Ef raunverulegur ásetningur ráðherra stendur til sameiningar sviðslistastofnana þá ætti að tímasetja þá áátlun í þessum áfanga og miða við dagsetninguna 1. janúar 2025.

Í drögnum er talað um samstarfsnefnd ráðherra sem meta skal fýsileika frekari samþættingar Þjóðleikhúss, Þjóðaróperu og Íslenska dansflokksins og skal nefndin skila niðurstöðum fyrir árslok 2027. Við viljum ekki lokast inni í núástandi sem eftir þrjú ár hefur fest rætur. Þriggja ára nefndarstarf er að okkar mati of langur tími og við hvetjum til þess að þessu ferli verðið hraðað með þeim hætti og hugmyndum sem við höfum viðrað hér að ofan.

Við vonum sannarlega að þetta frumvarp - með einhverjum breytingum - verði að veruleika íslensku sviðslistastarfi til heilla.

Tækifærið er núna – grípum það!

Fyrir hönd stjórnar FÍL

Birna Hafstein, formaður

Hrafnhildur Theodórsdóttir, framkvæmdastjóri



## Umsögn FÍS fyrir samráðsgátt vegna frumvarps um Þjóðaróperu

Til Allsherjar- og menntamálanefndar

Umsagnaraðili: Félag íslenskra söngkennara, FÍS

Dagsetning: 9. maí 2024

Þingmál: 963. mál, Sviðslistir (Þjóðarópera)

Stjórn Félags íslenskra söngkennara fagnar þeim miklu og langþráðu tímamótum í íslensku tónlistar- og sviðslistalífi að stofnun Þjóðaróperu sé í augsýn með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera).

Verði frumvarpið að lögum mun það gjörbreyta atvinnumöguleikum söngvara á Íslandi í framtíðinni og þar með framtíðarsýn margra nemenda okkar. Fyrirhugað er að Þjóðarópera muni ráða yfir 12 fullum stöðugildum fyrir einsöngvara og 16 hálfum stöðugildum fyrir kór. Þannig geta nemendur okkar séð fyrir sér að gera sönglist að sínu aðalstarfi á Íslandi, en fram að þessu hafa klassískir söngvarar nær eingöngu átt þann kost að helga sig sönglistinni á erlendri grundu.

Með Þjóðaróperu megum við einnig eiga von á miklu meiri framleiðni í greininni, grósku, nýbreytni og samstarfi. Stjórn Félags íslenskra söngkennara hvetur Alþingi eindregið til þess að láta frumvarp til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera) verða að lögum.

Stjórn FÍS:

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, formaður

Hanna Björk Guðjónsdóttir, gjaldkeri

Þóra Bergljótar Björnsdóttir, ritari

Sigríður Ásta Olgeirsdóttir, meðstjórnandi

Sibylle Köll, meðstjórnandi



**Félag íslenskra  
tónlistarmanna  
klassísk deild FÍH  
Rauðagerði 27  
108  
Reykjavík**

**kt:530169-6509  
fiston@fih.is**

**Umsögn Félags íslenskra tónlistarmanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum  
um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera)**

Til allsherjar- og menntamálanefndar.

Félag íslenskra tónlistarmanna, lýsir eindregnum stuðningi við frumvarp um þjóðaróperu sem nú liggur fyrir Alþingi.

Er það víst að Þjóðarópera mun virkja íslenskt tónlistar- og sviðslistafólk og er hlutverk þessa frumvarps að skapa umgjörð og svigrúm fyrir óperulist og tryggja uppbyggingu óperustarfsemi á Íslandi. Einnig verður þetta bylting í atvinnumöguleikum einsöngvara og kórsöngvara sem fá þar langþráð tækifæri á fastráðningu.

Stjórn FÍT-klassísk deild FÍH

Margrét Hrafnadóttir  
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir  
Hildigunnur Einarsdóttir  
Svanur Vilbergsson  
Hafdís Vigfúsdóttir

# KLASSÍS

FAGFÉLAG KLASSÍSKRA SÖNGVARA Á ÍSLANDI

Umsagnaraðili: Fagfélag klassískra söngvara á Íslandi, Klassís,  
Dagsetning: 7. maí 2024  
Þingmál: 963. mál, Sviðslistir (Þjóðarópera)

Til Allsherjar- og menntamálanefndar,

Fagfélag klassískra söngvara á Íslandi, Klassís, lýsir eindregnum og einlægum stuðningi við frumvarp um Þjóðaróperu sem nú liggur fyrir Alþingi og gerir félagið engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Stjórn Klassís lýsir sig reiðubúna til að mæta fyrir Allsherjar- og menntamálanefnd og til þess að svara spurningum nefndarmanna um þetta mikilvæga mál.

## Um Klassís

Félagar í Klassís sem telja yfir 130, eru háskólamenntaðir og hafa að jafnaði lagt stund á klassískt söngnám í 6-9 ár. Jafnframt hefur margt félagsfólk starfað og/eða er starfandi við óperu- og leikhús víða um heim, sem fastráðnir eða verkefnaráðnir listamenn.

Klassís bindur miklar vonir við að frumvarp þetta verði að lögum sem allra fyrst. Enda hefur það lengi verið eitt helsta keppikefli innan óperugeirans á Íslandi að tryggja starfsumhverfi söngvara.

Í hópi félagsmanna Klassís er að finna marga sem hafa helgað sig óperulistinni og hafa umfangsmikla og víðtæka reynslu af óperustarfsemi og störfum í sviðslistum víðsvegar um heim.

Mörg í okkar hópi hafa lengi beðið þess að geta betur nýtt og miðlað af þessari reynslu til þess að bæta óperustarfsemi og efla listformið í íslensku samfélagi.

Félagið hefur barist fyrir bættu starfsumhverfi og viðurkenningu á þekkingu og reynslu félagsmanna og sér í lagi því að söngvarar séu hafðir með í ráðum við ákvarðanatöku um óperulistformið.

## Sögulegt samhengi

Árið 1957 ritaði Bjarni Bjarnason, formaður Félags íslenskra einsöngvara, eftirfarandi í löngu bréfi til fjárveitinganefndar Alþingis til stuðnings frumvarpi Ragnhildar Helgadóttur um föst stöðugildi fyrir óperusöngvara við Þjóðleikhúsið:

„Vonandi dylst engum lengur, hversu aðkallandi það er orðið að söngvararnir fái að njóta sín eins og aðrir listamenn þjóðarinnar. ennþá eru þeir útundan og hornreka, -

sumir þeirra útlagar. Við svo búið má ekki lengur standa, - þeir þurfa að fá þá aðstöðu í þjóðfélaginu sem þeim ber - í samræmi við hæfileika sína, menntun og dugnað. Til þess þarf að tryggja þeim stöðu með föstum launum og starfsskilyrði sem þeir geta unað við. Verði það ekki gert, á þjóðin það nokkurn veginn víst, að missa af landi burt alla þá sem skara fram úr og hafa möguleika til að ryðja sér braut erlendis. Hinir guggna og gefast upp. Þannig hefur það farið fram að þessu, en það er og verður óbætanlegt tjón fyrir listmenningu okkar“ (Bjarni Bjarnason 1975).

Orð Bjarna eiga við enn þann dag í dag, 67 árum síðar.

## **Söngur í íslensku menningarlífi**

Söngur hefur alla tíð verið mikils metinn á Íslandi og segja má að kjarni íslenskrar tónlistarmenningar hafi byggst upp í kringum sönglistina. Mörg hundruð hafa menntað sig í klassískum söng allt frá því Ari Mátus Jónsson fæddur 1860, lagði stund á söng og starfaði í Þýskalandi frá 1880-1920.

Söngur er eitt vinsælasta tónlistarfagið í tónlistarskólum landsins og nokkrir sérhæfðir söngskólar eru starfandi á landinu. Á hverju ári leggja tugir Íslendinga stund á háskólanám í söng hérlendis og við erlenda tónlistarháskóla. Íslenskir óperusöngvarar koma reglulega fram í stærstu tónlistarsölum og óperuhúsum heims.

Á Íslandi gegnir söngur gríðarlega mikilvægu hlutverki í samfélaginu og þúsundir manna syngja og æfa í kórnum landsins í viku hverri fyrir tónleika og athafnir og er söngur á þann hátt sérstaklega mikilvægur þáttur í farsæld og velferð samfélagsins. Það er því hæsta máta tímabært að loks séu tryggðar lagastöðir reistar undir klassíska sönglist landsmanna með stofnun Þjóðaróperu.

## **Óperulistformið**

Ópera er flókið listform sem krefst mikillar sérhæfingar og þekkingar á breiðum grunni sem vart verður fengin nema með sérhæfðri menntun og langri reynslu af fjölbreyttu óperustarfi. Það sem er sértækt við óperuna er að þetta er sviðslistaform þar sem eitt megin tungumálið og miðillinn er tónlist. Svo auk þess að vera þjálfað sviðslistafólk eru óperusöngvarar sérhæfðir tónlistarmenn.

Ópera er því þverfaglegt listform þar sem fjöldi listgreina sameinast. Að stórrí óperuuppfærslu kemur saman gríðarlegur fjöldi listamanna: einsöngvarar, kórsöngvarar, hljóðfæraleikarar, dansarar, leikstjórar, danshöfundar, hljómsveitarstjórar, tónskáld, textahöfundar, þýðendur, búningahönnuðir, sviðsmyndahönnuðir, leikarar og fleiri, að ekki sé talað um þann fjölda tæknimanna sem kemur að hverri sýningu. Það má því með sanni segja að óperan sé drottning sviðslistanna.

## **Niðurstaða**

Klassís fagnar þeirri ákvörðun að Þjóðaróperan fái að vaxa í skrefum með stuðningi sterkustu sviðslistastofnunar landsins, Þjóðleikhússins. Ópera er mjög víða rekin í samlegð

við dans og leikhús sem og sinfóníuhljómsveit og er hagkvæmnin, jafnt sem listrænn ávinningur, af slíku fyrirkomulagi augljós. En það er ekki síður hagur allra listgreinanna, möguleikar á samstarfi og betri árangri, og ný tækifæri fyrir sviðslistir í landinu sem ber að horfa til. Þjóðarópera mun skapa umgjörð um óperulistformið og starfsvettvang sem lengi hefur verið keppikefli klassískt menntaðra söngvara á Íslandi. Við fögnum sérstaklega þeirri áherslu í frumvarpinu sem lögð er á nýsköpun í listforminu, fræðslustarf, auk sterkrar tengingar við landsbyggðina og samfélagið allt.

Klassís mælir með því að þetta frumvarp verði samþykkt og þar með verði óperulistin lögbundið sviðslistaform til jafns við leiklist og danslist. Með samlegð við Þjóðleikhúsið og fastráðningu óperusöngvara skapast grundvöllur til samfelldrar starfsemi, fjölbreyttra atvinnutækifæra fyrir söngvara og ýmsa aðra hópa listamanna, og spennandi möguleikar til nýsköpunar og framþróunar óperulistformsins, landsmönnum öllum til heilla.

Virðingarfyllst,

Stjórn Klassís,  
*Andri Björn Róbertsson*  
*Edda Austmann Harðardóttir*  
*Gissur Páll Gissurarson*  
*Guja Sandholt*  
*Þóra Einarsdóttir*



## Til Allsherjar- og menntamálanefndar

Umsagnaraðili: Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir

Dagsetning: 9. maí 2024

Þingmál: 963. mál, Sviðslistir (Þjóðarópera)

Ég fagna eindregið þeim miklu og langþráðu tímamótum í íslensku tónlistar- og sviðslistalífi að stofnun Þjóðaróperu sé í auglýsingu með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera).

Verði frumvarpið að lögum mun það gjörbreyta atvinnumöguleikum klassískra söngvara á Íslandi, sem fram að þessu hafa nær eingöngu átt þann kost að helga sig sönglistinni á erlendri grundu.

Með Þjóðaróperu megum við eiga von á miklu meiri framleiðni í greininni, grósku, gegnsæi í fjármálum, samnýtingu, nýbreytni og samstarfi. Þjóðarópera mun eflaust hafa þau áhrif að unnendum klassískrar söngtónlistar mun fjölga og þar með áhorfendum, ekki einungis á óperusýningum, heldur einnig á öðrum tónlistarviðburðum þar sem boðið er upp á klassískan söng.

Ég hvet Alþingi eindregið til þess að láta frumvarp til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera) verða að lögum.

Virðingarfyllt,

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir

söngkona, söngkennari og listrænn stjórnandi Sönghátíðar í Hafnarborg

Sem starfandi óperusöngkona, prófessor og fagstjóri söngs í Listaháskóla Íslands fagna ég þeim tækifærum sem Þjóðarópera mun bjóða upp á fyrir listformið óperu og óperusöngnám.

Frá sjónarhóli háskólamenntunar í söng er þetta mikilvægt skref þar sem menntun söngvara á Íslandi hefur mest verið fyrir starfsvettvang erlendis. Þetta mun gjörbreyta landslaginu og gefa sönglistinni byr undir báða vængi. Það er dásamlegt að heyra að loks fái söngvarar starfsmöguleika á Íslandi við það sem þeir hafa lagt ómælda vinnu og metnað í að mennta sig í. Einnig fá íslenskir óperuunnendur kærkomið tækifæri til að upplifa unga og upprennandi söngvara við hlið reyndari óperusöngvara þjóðarinnar í reglulegum uppfærslum og viðburðum á vegum Þjóðaróperunnar.

Listaháskóli Íslands á í virku samstarfi við fjölda háskóla á Norðurlöndum og víðar í Evrópu um menntun óperusöngvara. Við stofnun Þjóðaróperu skapast mörg sóknarfæri þar sem Þjóðarópera og söngnámsleið tónlistardeildar og fleiri námsleiðir sem tengjast sviðslistum innan Listaháskólans Íslands fengi tækifæri til að þróa mögulegt samstarf t.d. í formi óperustúdíós. Eitt mikilvægasta markmiðið þess væri að kynna og tengja unga söngvara við starfsumhverfið sem er ómetanleg viðbót í þjálfun upprennandi óperusöngvara. Hæfileikaríkir ungir söngvarar fengju tækifæri til að öðlast sína fyrstu starfsreynslu og vinna með fagfólki og reyndari söngvurum. Óperustúdíó er vettvangur sem bíður upp á möguleika til að brúa bilið frá því að nemendur ljúka söngnámi og hefja feril og jafnframt bjóðast tækifæri til fyrirsöngs og möguleika á að taka að sér smærri og stærri hlutverk á aðalsviðinu. Með þessu móti nýtast hæfileikar dagsins í dag fyrir óperu morgundagsins!

Ég vona sannarlega að frumvarp um breytingar á sviðslistalögum nr. 165/2019 með nýjum kafla um Þjóðaróperu verði að lögum. Þessi tímamót í íslensku tónlistar- og menningarlífi skapa spennandi tækifæri fyrir söngvara, tónskáld, leikstjóra, sviðshöfunda, dansara framtíðarinnar og óperulistformið fær loks þann sess sem það á skilið.

Hanna Dóra Sturludóttir  
óperusöngkona  
söngkennari, prófessor og fagstjóri söngs við Listaháskóla Íslands

## Frumvarp til laga um breytingar á lögum um sviðslistir, nr 165/2019 (Þjóðarópera).

### Umsögn stjórnar Íslensku óperunnar.

7. maí 2024.

Ofangreint frumvarp til laga um Þjóðaróperu sem kveður á um að óperustarfsemi á Íslandi sé færð undir beina stjórn ríkisins en að formi til sett aftur inn í Þjóðleikhúsið er með svo miklum ágöllum um markmið, tilgang, ávinning, stjórnun, fyrirkomulag og framkvæmd að stjórn Íslensku óperunnar telur nauðsynlegt að gera alvarlegar athugasemdir og mæla með því að það verði ekki samþykkt nema með verulegum breytingum. Athugasemdir Íslensku óperunnar beinast einkum að eftirfarandi:

1. **Tilgangur** frumvarpsins er að færa meginhluta óperustarfsemi á Íslandi undir beina stýringu ríkisins og ráðherra. Það er úrelt 19. aldar hugmynd sem er hvarvetna á undanhaldi. Notkun orðins „þjóðarópera.“ virðist helst til skrauts. Færa má rök fyrir því að Þjóðarópera sé þegar fyrir hendi eða að henni megi koma í annan farveg með mun einfaldari og hagkvæmari hætti en reynt er að gera með frumvarpinu.
2. **Markmið.** Hvergi er að sjá listræn eða fagleg markmið. Skýrt markmið er þó að auka verulega fastan kostnað og þrefalda hann með amk 24 nýjum stöðugildum. Þannig á að hverfa frá rekstrarformi sem byggir á breytilegum kostnaði, sem hefur sýnt sig leiða til hagkvæmustu nýtingar fjármagns auk þess að gefa ríkinu sveigjanleika um fjárveitingar.
3. **Sjálftæði** er fórn að og snúið 44 ár aftur í tímann með því að gera óperuna að deild í Þjóðleikhúsinu en setja hana jafnframt undir vald ráðherra á flestum sviðum. Þetta gengur gegn ríkjandi stefnu annars staðar á Vesturlöndum.
4. **Rekstrarform**, sem lagt er til, ríkisstofnun, hefur hvarvetna verið víkjandi undanfarna áratugi en form ríkisstyrktra hlutafélaga eða sjálfseignarstofnana að styrkjast. Hér vill íslenska ríkið fara gegn straumnum.
5. **Stjórnunarlegur óskýrleiki.** Með því að færa óperuna undir Þjóðleikhúsið án þess að starfsemin lúti stjórn þjóðleikhússtjóra eða þjóðleikhúsráðs heldur stýringu ráðherra verður til stjórnunarleg óreiða sem gengur gegn góðum stjórnarháttum.
6. **Kostnaðar-ábatagreining** er engin. Gert er ráð fyrir meir en þreföldun á beinum kostnaði ríkisins í 650 mkr án þess að reynt sé að greina ábatann. Slíkt mat hlýtur að vera forsenda nýrra opinberra útgjalda, í þessu tilviki að listræn framsetning batni, að kostnaðaraukning svari betur kröfum eftirspurnar eða að nýting fjármuna batni.
7. **Meðferð fjármuna.** Samkvæmt greinagerð frumvarpsins bætast við 24 stöðugildi frá því sem er hjá Íslensku óperunni sem svo kallar á stærra húsrými. Fastur kostnaður eykst þannig um amk 330 mkr ofan á 150 mkr sem fyrir voru hjá Íslensku óperunni. Þrátt fyrir meir en þreföldun fjáveitingar mun Þjóðaróperan því aðeins geta sýnt tvær stórar óperur á ári en Íslenska óperan, sem að mestu er rekin á breytilegum kostnaði myndi geta sýnt fimm stórar óperur fyrir sama fé.
8. **Skortur á greiningu.** Í stjórnarsáttmála ríkistjórnarflokkanna frá nóvember 2021 segir að unnið skuli að þarfagreiningu vegna óperustarfsemi í landinu. Þannig greining hlýtur að ná til listrænna og hagrænna atriða en ekki síður til þarfa og eftirspurnar almennings en án áheyrenda er engin ópera. Þessi greining hefur ekki farið fram eftir því sem best er vitað eða niðurstaða hennar að ekki gerð opinber. Framkvæmd stjórnarsáttmálans hlýtur að byggjast á slíkri greiningu.

## Tilgangur og markmið.

Frumvarpið virðist hafa tvönnan tilgang, 1) að koma óperustarfsemi undir beina stjórn ríkisins og 2) að fella hana inn í rekstur Þjóðleikhússins. Hvergi er lýst ávinningi af ríkisstýringu, hvorki hagrænum né listrænum og öll röksemdafærsla virðist út í bláinn. Í greinargerð segir aðeins „Markmið með lagasetningunni er að búa til traustan grundvöll fyrir íslenska óperulist...“. Þetta er ekki skýrt nánar svo sem með því að tilgreina hvort og með hvaða hætti skortur á lögum hafi veikt grundvöll fyrir íslenska óperulist. Þvert á móti segir í greinargerð: „Árangur af þessari 90 ára sögu óperuflutnings á Íslandi er að listformið hefur öðlast fastan sess í íslensku menningarlífi“.

Þá segir „Með lögbundnu hlutverki öðlast Þjóðarópera bolmagn til að fylgja eftir stefnu hins opinbera hvað varðar jafnrétti, inngildingu og aðgengi auk þess að opna dyr fyrir nýjum Íslendingum“. Ekki er tilgreint með hvaða hætti hafi skort bolmagn til að fylgja þessari stefnu eftir. Hér eru aðeins orð án merkingar sem engan veginn geta talist rök fyrir lagasetningu.

Hvergi er að sjá ný listræn markmið eða fjárhagslegan ávinning hvað þá ávinning fyrir óperuunnendur en án þeirra er engin ópera. Einu skýru rekstrarmarkmiðin eru að Þjóðarópera nái fullri starfsemi á leikárinu 2028-2029 með þreföldun fjárframlags í 650 milljónir króna, en líka þreföldun á föstum kostnaði og að hún „muni ráða yfir 12 fullum stöðugildum fyrir einsöngvara og 16 hálfum stöðugildum fyrir kór, auk fasts starfsfólks,“ án þess að sá fjöldi sé tilgreindur en yrði líklega 3-4 ofan á það sem fyrir var hjá Íslensku óperunni. Hvergi er tilgreint hvernig þessi 20 söngvarar skuli nýttir né er fjöldi söngstöðugilda settur í samhengi við fjölda sýninga hvað þá eftirspurn almennings.

Almennum orðum er farið um að stefnt sé að ná meiri samfellu í leikárið og að sýningartímabil verði lengt, væntanlega fram á sumarið. Ætla má því að stefnt sé að 6-7 stórum sýningum á ári og hafa slíkar tölur komið fram í fjölmiðlum m.a. frá menningarráðherra. Með því að breytilegur kostnaður við uppsetningu einnar óperu er 80-100 mkr að frádregnum miðasölutekjum og með fastan kostnað upp á 472 mkr er fjárhagsrammi Þjóðaróperu strax sprunginn. Eftir munu standa 178 mkr í beinan sýningarkostnað sem þýðir að hægt verður að bjóða upp á tvær stórar sýningar á ári auk nokkurra smærri atriða. Þetta er sami sýningafjöldi og tilgreindur er í samningi ríkisins við Íslensku óperuna en fyrir helming kostnaðar. Svo virðist sem kostnaðagreining hafi verið takmörkuð við samningu frumvarps og greinargerðar. Í svo stóru máli verður að gera kröfu um nákvæmari vinnubrögð.

Þá er aðeins rætt með almennum orðum samstarf listastofnana og óperuflutning utan Reykjavíkur og engin áþreifanleg markmið sett í því sambandi. Skýrt markmið er þó um sýningar og stuðning við íslenskar óperur, sem ber að fagna. Þá er lauslega nefnd sala á miðum til erlendra ferðamanna án þess að tilgreind séu markmið eða aðferðir.

Hér skal fullyrt að öllum lýstum markmiðum er hægt að ná með einfaldari og ódýrari leiðum en frumvarpið gerir ráð fyrir, hvort sem er með sjálfseignarstofnun, hlutafélagi eða ríkisstofnun með raunverulegu sjálfstæði. Mörg hafa verið í framkvæmd hjá Íslensku óperunni:

- Hægt er að fastráða söngvara með auknu fjárframlagi. Þetta var reynt hjá Íslensku óperunni við misjafnan árangur. Tímabundnar ráðningar geta orðið ungum söngvurum mikill stuðningur við að efla listrænan þroska og starfsframa. Skýrt samhengi þarf þó að vera á milli fjárveitinga, fjölda stöðugilda og raunverulegra þarfa.
- Samstarf listastofnana er þegar fyrir hendi. Íslenska óperan hefur sýnt í Þjóðleikhúsinu og hefur áhuga á að gera það oftar. Hún hefur unnið að samstarfi við Borgarleikhúsið, sýnt í Hofi á Akureyri, Vestmannaeyjum, Eldborg og Norðurljósum í Hörpu. Markmiðið hefur ávalt verið að nýta hagkvæmasta sýningarrýmið. Íslenska óperan og Sinfóníuhljómsveit Íslands hafa rætt samstarf en kjarasamningar hafa reynst hindrun.
- Hægt er að auka samfellu í leikárinu með fleiri uppfærslum og auknum fjárframlögum. Samhljómur hefur hins vegar lengi verið um að íslenskur markaður þoli með góðu móti tvær stórar óperuuppfærslur á ári auk smærri viðburða. Hár kostnaður við hverja uppfærslu leggur skyldu á vandað mat á hvort stórum óperusýningum skuli fjölgað.
- Íslenska óperan hefur lagt sig fram um að sýna og hefur sýnt íslenskar óperur sem mæta listrænum kröfum og ekkert sem hindrar að sú þróun haldi áfram óháð rekstrarformi.
- Með breyttri markaðssetningu hefur Íslenska óperan náð góðum árangri við að auka sölu erlendis til óperuferðamanna. Áætlað er að um 12-14% seldra miða á stórar óperusýningar séu til erlendra ferðamanna og að um 700 hafi séð Madama Butterfly á síðasta ári. Það er hægt að þróa þennan markað undir hvaða rekstrarformi sem er og ekki að sjá að ríkisrekstur bæti þar um.

Af þeim markmiðum sem lýst er með frumvarpinu eru líklega athyglisverðust þau sem ekki eru nefnd. Það bendir til þess að þeir sem komu að undirbúningi og samningu þess hafi lítið kynnt sér það sem er að gerast í óperuheimi nútímans.

- Í greinargerð segir aðeins að Þjóðaróperu sé „heimilt að hafa tekjur af eigin starfsemi og taka aðgangseyri...“. Engin markmið, engar kröfur. Íslenska óperan hefur ávallt þurft að hámarka eigin tekjur með miðasölu og kostun. Takmarkað aðgengi að fjármagni hefur skapað hvatann. Íslenska óperan hefur með þessu náð hærra hlutfalli eigin tekna en gengur og gerist í sviðslistum á Íslandi.
- Ekkert er minnst á sjálfbærni og hvernig starf í þeim anda getur aukið hagkvæmni og bætt nýtingu fjármagns og efna. Íslenska óperan hefur átt í vaxandi samstarfi við erlendar óperur um samnýtingu sviðsmynda, búninga og uppfærslna. Með því sparast fé og sóun á öllum sviðum minnkar og umhverfismarkmið nást.
- Þörf fyrir erlent samstarf er vaxandi nauðsyn en aðeins er nefnt að Þjóðaróperu sé heimilt að eiga í erlendu samstarfi. Íslenska óperan á í vaxandi samstarfi við erlendar óperur um framleiðslu á nýjum og eldri óperum. Má nefna samframleiðslu á óperunni Brothers og fyrirhugaða samframleiðslu á La bohème. Þetta er vaxandi þáttur í óperurekstri og mikið hagsmunamál fyrir íslenska óperu að taka þátt.

Hvað varðar seinni tilganginn, að fella óperurekstur inn í Þjóðleikhúsið er aðeins lauslega rétt um samlegðaráhrif en hvergi sýnt fram á að þau séu yfirleitt fyrir hendi. Ráðherraskipuð „samstarfsnefnd“ á að finna út úr því og fær til þess næstum þrjú ár! Í útgáfu greinargerðar sem birtist í samráðsgátt stjórnarráðsins er hins vegar beinlínis sagt að sameining óperu við Þjóðleikhúsið kalli á að byggingu nýs sýningarrýmis, svo kallaðs svarts kassa verði flýtt. Augljóslega mikilvægt hagsmunamál stjórnenda Þjóðleikhússins en eðlilegra væri að ný lög leiddu fremur til ávinnings fyrir óperuna og óperuunnendur. Hvergi er sýnt fram á slíkt og ekki er að sjá að þau atriði sé raunverulegur tilgangur frumvarpsins.

### **Rekstrarform og stjórnunarhættir.**

Með samþykkt frumvarpsins verður Þjóðaróperan ekki sjálfstæð stofnun heldur deild í Þjóðleikhúsinu. Þetta veldur miklum vonbrigðum enda hefur óperustarfsemi notið fulls sjálfstæðis til þessa, sem almennt er viðurkennt að sé best í skapandi listum. Reyndar er talað um Þjóðaróperu sem sjálfstæða deild með sjálfstæðan fjárhag en stjórnunarlegur óskýrleiki er slíkur að hann samrýmist engan veginn góðum stjórnarháttum.

Í frumvarpinu segir (2.gr,b): „Ráðherra skipar óperustjóra...“. Og síðar: „Óperustjóri heyrir undir þjóðleikhússtjóra í skipuriti og skal eiga samráð við hann um gerð fjárhagsáætlana og meiri háttar ákvarðanir er varða Þjóðaróperu.“ Þetta þýðir að óperustjóri lýtur ekki stjórn þjóðleikhússtjóra, sem hvorki getur ráðið né sagt upp undirmanni sínum, sem hefur aðeins við þjóðleikhússtjóran samráðsskyldu, hvað sem það þýðir. Þjóðleikhússtjóri, sem ber ábyrgð á rekstri Þjóðleikhússins ber ekki ábyrgð á deild, sem þó mun hafa veruleg áhrif á rekstur, ásýnd og álit stofnunarinnar sem hann stjórnar. Þjóðleikhússtjóri skal því láta sér lynda að hafa og vinna með undirmanni sem hann hefur ekkert boðvald yfir og sitja uppi með afleiðingar af því sem miður kann að fara hjá óperustjóra. Í heilbrigðum rekstri getur svona fyrirkomulag ekki gengið.

Það sérstaka er að aðeins ráðherra hefur boðvald yfir óperustjóra og í raun öllum óperurekstri með beinu borðvaldi eða með reglugerðum um:

- Starfsemi Þjóðaróperu m.a. um hlutverk hennar í þróun og frumflutningi nýrra íslenskra verka.
- Rekstur Þjóðleikhússins og Þjóðaróperu, þar með talið um samstarf og hlutverkaskiptingu þjóðleikhússtjóra og óperustjóra.
- Gerð og samþykkt fjárhagsáætlana og eftirlit með þeim.
- Ráðningar hjá Þjóðaróperu.
- Samrekstur Þjóðleikhúss og Þjóðaróperu að öðru leyti.

Auk þess:

- Skipa samstarfsnefnd sem meta skal fýsileika frekari samþættingar Þjóðleikhússins, Þjóðaróperu og Íslenska dansflokksins. Sú nefnd „skal m.a. kanna möguleika á, og meta ávinning af auknum samrekstri fag- og stoðdeilda.“ Þessi nefnd á að skila ráðherra skýrslu með niðurstöðum sínum fyrir lok 2027, eftir tæplega þrjú ár. Í eðlilegum rekstri og eðlilegri stjórnsýslu væri þetta á könnu þjóðleikhússtjóra, óperustjóra og dansflokkestjóra og væri hægt að vinna á einum mánuði með aðstoð ráðgjafa. Best væri þó að niðurstaða um þetta lægi fyrir áður en farið er að breyta lögum.

Hér er um að ræða ráðherraræði samhliða valdleysi stjórnenda listastofnana sem eindregið er varað við.

Erfitt er að átta sig á röksemdum fyrir því að Þjóðarópera skuli vera hluti af Þjóðleikhúsinu. Ekki er sýnt fram á listrænan ávinning, fjárhagslegan sparnað eða aukna framleiðni. Yfirbygging verður í besta falli sú sama í versta falli meiri. Helst er að sjá að með þessu strykist barátta Þjóðleikhússins fyrir viðbyggingu, svo kölluðum svörtum kassa. Talað er um að Þjóðaróperan beini viðskiptum sínum til stoðdeilda Þjóðleikhússins og er þá væntanlega átt við leikmyndasmiðju, saumastofu, markaðs- og fjármáladeilda. Ekki er gefið til kynna að þessar stoðdeildir séu nú vannýttar eða hafi umfram mönnun. Þvert á móti segir að stoðdeildir þurfi að efla og stækka með tilkomu Þjóðaróperu. Hún mun svo greiða sitt hlutfall af kostnaði þessara deilda. Óperan hefur fram til þessa lágmarkað kostnað sinn við rekstur stoðdeilda og getað beint viðskiptum þangað sem kostnaður er lægstur. Sá möguleiki hverfur með samþykkt frumvarpsins. Einu sjáanlegu rökin fyrir því að setja Þjóðaróperu undir Þjóðleikhús virðast því vera pólitísk ásynd, að ekki komi til ný ríkisstofnun. Fyrir það er dýrmætu sjálfstæði fórnað og komið á stjórnunarlegum óskapnaði.

Þeim markmiðum og ávinningi sem ætlað er að ná með stofnun Þjóðaróperu er aðeins lýst með almennum orðum, hvort sem er í greinargerð eða skýringum með frumvarpinu, fréttatilkynningu ráðuneytis eða viðtölum við þá sem unnið hafa að undirbúningi. Ekki er um að ræða raunverulegt stöðumat, skilgreiningu á vandamálum né rökstudda framsetningu á lausnum. Lýsingar eru meira í ætt við fagurgala.

Svo virðist sem við undirbúning frumvarpsins hafi eingöngu verið horft inn á við og einblínt á hvernig mæta má kröfum fárra hagsmunaaðila eða vilja hins pólitíska valds. Ekki virðist hafa verið skoðað hvernig þróun er í rekstri eldri eða yngri operuhúsa í heiminum. Eðlilegt hefði verið að skoða rekstur operuhúsa í Skandinavíu eða Írsku Þjóðaróperunnar sem stofnuð var 2018 við það að Irish Opera varð Irish National Opera.

- Í Svíþjóð eru stóru óperurnar Konunglega óperan í Stokkhólmi, Gautaborgaróperan og Malmöóperan hlutfélög sem fá styrki frá ríki og sveitarfélögum en njóta að öðru leyti listræns og rekstrarlegs sjálfstæðis. Í Stokkhólmi og Gautaborg eru fastar stöður söngvara en ekki í Malmö.
- Þjóðaróperan í Bergen er sjálfseignarstofnun með aðsetur í Grieghallen. Hún nýtur opinberra styrkja að upphæð ISK 450 milljóna árlega. Hún flytur tvær stórar óperur á ári auk minni verka. Stöðugildi eru 9,6 en engir fastráðnir söngvarar. Hún greiðir ekki sérstaklega fyrir undirleik Fíharmoníunnar í Bergen eða Edvard Grieg kórin.
- Jóska óperan (Den Jyske Opera) er sjálfseignarstofnun sem fær ISK 900 milljónir árlega. Óperan sýnir yfirleitt fjórar óperur eða söngleiki á ári og sýnir víða um Jótland. Engir fastráðnir söngvarar og greitt er sérstaklega fyrir kór og hljómsveitir.
- Irish National Opera er sjálfseignarstofnun með eigin stjórn en stjórnaraðild frá írsku ríkinu. Stofnunin hefur ekkert fastráðið listafólk og sýnir á þessu ári fjórar stórar óperur auk minni uppfærslna. Fjárveitingar á árinu 2024 nema 825 mkr. Þó að írski markaðurinn sé mun stærri en sá íslenski má að miklu leyti sækja fyrirmyndir þangað.

- Í greinargerð með frumvarpinu er bent á að í Danmörku séu sviðslistir á vegum hins opinbera reknar undir einum hatti en ekki nefnt að skipulagið er umdeilt og hefur leitt til innbyrðis hnökra og núnings.

### Nýja óperan.

Íslenska óperan hefur ekki lagst gegn breyttu rekstrarfyrirkomulagi og hefur lagt fram tillögur um auðvelda breytingu á rekstraformi sé til þess pólitískur vilji, þannig að samfella fáist í óperustarfsemi þar til nýtt fyrirkomulag kemst á. Íslenska óperan leggur áherslu á að til að breyta vel heppnuðu fyrirkomulagi verða að vera vel skilgreindar ástæður, annað hvort listrænar, fjárhagslegar eða lagalegar. Engar slíkar ástæður hafa verið tilgreindar enda viðurkennt að listræn gæði hafi jafnan verið mikil hjá Íslensku óperunni og nýting fjármagns góð.

Sé vilji til að breyta rekstrarfyrirkomulagi sér Íslenska óperan eftirfarandi lausnir:

1. Að Íslenska óperan haldi áfram sem sjálfseignarstofnun með einn eða fleiri stjórnarmenn tilnefnda af ríkinu. Horft verði einkum til rekstramóðels Írsku Þjóðaróperunnar.
2. Að Íslensku óperunni verði breytt í hlutafélag í eigu ríkisins, en með sjálfstæða stjórn.
3. Að Íslensku óperunni verði með einföldum hætti breytt úr sjálfseignarstofnun í ríkisstofnun en að listrænt og rekstrarlegt sjálfstæði hennar og hæfileg fjarlægð frá ríkisvaldi verði tryggt með lögum.


Íslenska óperan (ÍÓ) hefur nú starfað í 44 ár. Hún var sköpuð af hugsjón og sýn einstaklinga sem vildu lyfta upp óperustarfsemi frá því að vera hliðarstarfsemi í Þjóðleikhúsinu í sjálfstæða Óperu sem færði neytendum klassískar óperur og nýsamin verk af hæstu listrænum gæðum. Í þeim anda hefur Íslenska óperan ávallt starfað með blöndu af stórum uppfærslum, samstarfsverkefnum, minni óperuverkum og tónleikum. Þökk sé aðgengi að hæfileikaríkum söngvurum, tónlistarfólki og öðru listrænu fólki hefur Íslenska óperan notið mikils áhuga og gríðarlegrar aðsóknar áheyrenda, fengið frábæra dóma og unnið sér virðingar langt út fyrir landsteinana. Íslenska óperan hefur notið mikils velvilja ríkisstjórna og fengið frá þeim þann fjárstuðning sem nauðsynlegur hefur verið til að halda uppi vandaðri starfsemi. Sá stuðningur hefur þó verið mismikill eftir árferði í ríkisfjármálum og hefur ríkið þannig geta litið á sín framlög sem breytilegan kostnað en ekki fastan. Þetta hefur skapað ríkan hvata hjá Íslensku óperunni til að nýta fjármagn vel og leggja áherslu á að afla sem mestra eigin tekna. Íslenska óperan hefur þannig getað gefið samfélaginu mikið fyrir litla fjármuni.

Þó að núverandi rekstrarform (sjálfseignarstofnun) hafi reynst vel er stjórn Íslensku óperunnar vel meðvituð um að endurskoðun getur verið nauðsynleg eftir því sem aðstæður breytast. Markmið með endurskoðun ættu að vera að auka listræn gæði, laga rekstrarform að gildandi lögum, bæta nýtingu fjármagns, svara betur þörfum áhorfenda eða ná öðrum, markmiðum sem ekki er hægt að ná með núverandi rekstrarformi.





stjórn Íslensku óperunnar,

  
\_\_\_\_\_

  
\_\_\_\_\_

  
\_\_\_\_\_

  
\_\_\_\_\_

  
\_\_\_\_\_

Jenný Lára Arnórsdóttir  
f.h. sviðslistahópsins Hnoðri í norðri  
<https://www.facebook.com/hnodrinordri>

6. maí 2024

### Um umsagnaraðila:

Hnoðri í norðri var stofnaður árið 2022 og samanstendur af sex atvinnulistamönnum: Þórunni Guðmundsdóttur tónskáldi, Jennýju Láru Arnórsdóttur leikstjóra og leikmyndahönnuði, Björgu Mörtu Gunnarsdóttur búningahönnuði, Jóni Þorsteini Reynissyni harmonikkuleikara og söngkonunum Björk Níelsdóttur og Erlu Dóru Vogler.

Sviðslistahópurinn, sem gerir út frá Akureyri, býður upp á nýjar sérsamdar íslenskar óperur og söngleiki aðallega (en ekki einungis) fyrir börn.

Fyrsta sýning hópsins, Ævintýri á aðventunni, fór í alla grunnskóla frá Vopnafirði til Hvammstanga í desember 2022 í samvinnu við List fyrir alla og með góðum styrkjum. Sýningarnar voru alls 25. Sumarið 2023 var hópnum boðið að taka þátt í alþjóðlegri sviðslistahátíð fyrir barnasýningar (Bitolino) í Makedóníu með Ævintýrið, auk þess sem verkið var flutt á Akureyrarvöku og fyrir jólin hjá Handbendi á Hvammstanga, í Salnum á Aðventuhátíð í Kópavogi og í Samkomuhúsinu á Akureyri í samstarfi við MAK.

Önnur sýning hópsins, Skoffín og skringilmenni, fór í alla grunnskóla á Norðausturlandi í apríl 2024 með hjálp styrktaraðila og urðu sýningar alls 17.

Hnoðri í norðri hlaut Hvatningarverðlaun Eyrarrósarinnar 3. maí 2023 fyrir framlag sitt til menningar á landsbyggðinni.

### Umsögn vegna breytingar á lögum um sviðslistir (Þjóðarópera):

Hnoðri í norðri styður eindregið breytingu á lögum um sviðslistir þannig að Þjóðarópera verði stofnuð með þeim hætti sem segir í frumvarpinu.

Hópurinn fagnar sérstaklega eftirfarandi:

- að Þjóðaróperu sé ætlað að standa fyrir samstarfi við landsbyggðina og sjálfstæða hópa.
- að grasrótahópar hvar sem er á landinu geti tekið þátt í starfi Þjóðaróperunnar og að ríkuleg áhersla verði lögð á samstarf við aðila á landsbyggðinni á við grasrót.
- að Þjóðaróperan hafi það hlutverk að annast fræðslu- og kynningarstarf og að standa fyrir samstarfsverkefnum í öllum landshlutum.

Það er greinilegt að Þjóðarópera muni verða mikil lyftistöng fyrir óperuformið – og að það verði fyrir alla á öllu landinu.

Umsagnaraðili Jóhann Smári Sævarsson, Óperusöngvari og listrænn stjórnandi  
Óperufélagsins Norðurláps, Reykjaneshæ

Dagsetning 9. Maí 2024

Þingmál 963. Mál, sviðslistir (Þjóðarópera)

Ég lýsi yfir eindregnum stuðningi við frumvarp um Þjóðaróperu.

Ég hef starfað sem óperusöngvari við ýmis óperuhús hér heima og víða erlendis.

Ég er listrænn stjórnandi Óperufélagsins Norðurláps sem við stofnuðum árið 1999 og höfum við sett á svið óperur og óperuuppákomar af öllum stærðum og gerðum í 25 ár.

Við fögnum þessu frumvarpi og teljum að hér sé verið að stíga mjög mikilvæg og nauðsynleg skref til að bæta óperumeninguna á Íslandi.

Við sjáum gríðarleg tækifæri í þessu frumvarpi til eflingar á listforminu, nýsköpun og samstarfs milli aðila.

Framtíðin er björt!

Jóhann Smári Sævarsson Óperusöngvari, Tjarnargata 36, 230 Reykjaneshæ

7. maí 2024, Reykjavík

## Umsögn vegna frumvarps um sviðslistir (Þjóðarópera), mál 936

Undirrituð eru óperusöngvarar og stofnendur Kammeróperunnar, nýlegt óperufélag sem hefur sett upp aðgengilegar og vel sóttar óperuuppfærslur fyrir börn og fulloröna frá árinu 2022.

Við hjá Kammeróperunni styðjum eindregið frumvarp menningar- og viðskiptaráðherra um breytingu á lögum um sviðslistir og teljum það mikilvægt skref í að standa vörð um óperulistformið. Þessi lagabreyting myndi bæta starfsöryggi klassískra söngvara á Íslandi til muna.

Áhugi fólks á Íslandi á óperu er vissulega til staðar, gróskan í sjálfstæðu óperu senunni er mikil og við fögnum því að stjórnvöld sjái mikilvægi þess að tryggja uppbyggingu óperustarfsemi á Íslandi.

F.h. Kammeróperunnar,  
Eggert Reginn Kjartansson  
Jóna G. Kolbrúnardóttir  
Kristín Sveinsdóttir  
Unnsteinn Árnason

Kristinn Sigmundsson  
Umsögn vegna frumvarps um Sviðslistir(Þjóðaróperu)

Ég lýsi yfir eindregnum stuðningi við frumvarp um Þjóðaróperu.

Ég hef haft óperusöng að aðalstarfi í rúm 40 ár. Ég kynntist snemma óperustarfsemi í ýmsum borgum Þýskalands, þar sem sviðslistir (ópera, talað leikhús, ballett og sífóníuhljómsveit) eru sameinaðar í einni stofnun (Stadttheater). Þau kynni sannfærðu mig um að slíkt samstarf væri það skynsamlegasta fyrir óperu á Íslandi.

Ópera er leikhús með tónlist. Allt það sem ópera þarfnast umfram tónlistina, getur Þjóðleikhúsið útvegað með alla sína reynslu og verkunnáttu: Saumastofu búningadeildar, smíðaverkstæði leikmyndadeildar, skrifstofur, markaðsdeild, launadeild osfrv. Við þessa samnýtingu sparast mjög mikill kostnaður.

Íslenska Óperan á að baki merka sögu. Ég er einn af stofnfélögum hennar og söng í mörgum sýningum hennar. Ég er stoltur af því að hafa tekið þátt í starfsemi hennar. Hún hefur nú gengið sitt skeið á enda, sem eignalaus sjálfseignarstofnun. Þess vegna er knýjandi nauðsyn að búa svo um hnútana að óperulistinni verði búin varanleg starfsaðastaða. Með stofnun Þjóðaróperu verður það gert á hagkvæman og skynsamlegan hátt.

Ég veit að mikill meirihluti íslenskra söngvara er hlynntur Þjóðaróperunni og vona að Alþingi geri þetta frumvarp að lögum.

San Francisco 5. maí 2024  
Kristinn Sigmundsson

Landssamband blandaðra kóra  
Kt. 710169- 2929

9. maí 2024.

## UMSÖGN.

Landssamband blandaðra kóra styður fyrirbyggjandi frumvarp, sviðslistir (þjóðarópera) mál nr. 936.

LBK vill benda á hve kórastarf er sterkt afl í menningarlífi landsins og að kórar eru ásamt tónlistarskólunum, uppeldisstaður atvinnusöngvara landsins.

Kór sem skipaður er atvinnusöngvurum er mikilvægt atvinnutækifæri og mikilvægt skref til þess að auðga tónlistarlíf og menningu landsins. Allar þjóðir sem við viljum bera okkur saman við hafa óperuhús sem starfar á föstum grunni og kór sem viðurkenndur er sem atvinna. Óperan sameinar allar listgreinar, veitir fjölmörgum listamönnum í mismunandi greinum, atvinnu og síðast en ekki síst veitir hún ómetanlega listræna gleði til allra þeirra sem koma og njóta þessa listforms.

LBK telur þetta frumvarp síðbúna en gífurlega mikilvæga viðurkenningu á hæfni íslenskra listamanna og um leið sjálfisögð réttindi listunnenda að eiga þess kost að njóta óperutónlistar hér á landi.

Það er löngu tímabært að listformið ópera fái sama starfsgrundvöll og leiklist.

Stjórn Landssambands blandaðra kóra:

Margrét Bóasdóttir, söngkona og kórstjóri, formaður

Lenka Mateova, organisti og kórstjóri, varaformaður

Kolbrún Einarsdóttir, kórsöngvari, gjaldkeri

Birna Birgisdóttir, kórsöngvari, ritari.

Meðstjórnendur:

Egill Gunnarsson, kórstjóri og tónskáld

Sigrún Stefánsdóttir, kórsöngvari

Svanhvít Traustadóttir, kórsöngvari.



## Minnisblað til ráðherra

Viðtakandi	Allsherjar- og menntamálanefnd	Dagsetning	13. maí 2024
Sendandi	Menningar- og viðskiptaráðherra	Málsnúmer	MVF23120018

### Svör við fyrirspurnum vegna máls 936: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera).

- I. *Nefndin óskar eftir nánari útskýringu á því hvernig staðið verður að fjármögnun laganna, sérstaklega hvað varðar framsögu ráðuneytisins um að nauðsyn sé að byrja í smærri skrefum með innleiðingu laganna og hvað það þýðir m.t.t. fjármögnunar á tímabili fjármálaáætlunar 2025-2029. Mun t.d. krafa um aðhald á þessu málefnasviði lenda á Þjóðaróperunni á tímabili fjármálaáætlunarinnar?*

Frumvarpið um stofnun Þjóðaróperu stillir upp hvernig best megi styrkja stoðir óperuflutnings á Íslandi. Frumvarpið er afrakstur margra ára forvinnu og viðtæks samráðs við fag- og hagaðila og miðar að því að fullnýta þá innviði sem fyrir eru í gegnum sameiningu og samstarf við Þjóðleikhúsið, Hörpu og fleiri aðila, auk þess að búa til starfsgrundvöll fyrir atvinnusöngvara á Íslandi. Um leið skapast grundvöllur fyrir samfelldri starfsemi er styrkir til muna hið listræna starf og gerir mögulega margvíslega tengingu út í samfélagið m.a. gegnum fræðslu- og þróunarstarf, stuðning við grasrót og samstarf við landsbyggðina.

Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2025-2029 er ekki gert ráð fyrir að Þjóðarópera verði fullfjármögnuð miðað við áætlanir ráðuneytisins á tímabili áætlunarinnar. Það breytir þó ekki því að frumvarpið leggur til hvert stefnt skuli og hvernig slíka starfsemi eigi að reka á sem skilvirkastan og hagkvæmastan máta. Með frumvarpinu er sköpuð umgjörð um Þjóðaróperu, en þar er ekki kveðið á um hvernig hverri krónu sem veitt er til starfseminnar skuli ráðstafað. Því kallar það ekki á éfnislegar breytingar á frumvarpinu, þótt fjármögnun Þjóðaróperu næstu árin verði lægri en áætlanir ráðuneytisins um fullfjármagnaða Þjóðaróperu gerðu ráð fyrir. Lögin geta þannig staðið óbreytt þótt breytingar verði á umfangi þeirrar fjármögnunar sem fæst til málaflokksins hverju sinni.

Líkt og fram kemur í greinargerð frumvarpsins gera áætlanir ráðuneytisins ráð fyrir að þegar Þjóðarópera verði komin í fulla starfsemi muni rekstur hennar kosta 650 millj. kr. á ári, en fyrirhugað er að stofnunin verði byggð upp í áföngum. Fjármögnun Þjóðaróperu tekur þannig mið af því erfiða efnahagsástandi er ríkir um þessar mundir í landinu.

Fyrsta starfsárið, 2025, er gert ráð fyrir að heildarframlag til Þjóðaróperu verði 275 millj. kr. og annað árið, 2026, er reiknað með 150 millj. kr. hækkun. Til samanburðar má nefna að uppreiknað framlag til Íslensku óperunnar frá árinu 2019 samsvarar 310 millj. kr. Þriðja árið, 2027, gerðu áætlanir ráðuneytisins ráð fyrir 150 millj. kr. hækkun og fjórða árið, 2028, 75 millj. kr. hækkun.

Þar eð sú umgjörð sem frumvarpið stillir upp fyrir rekstur Þjóðaróperu býður upp á sveigjanleika í rekstri óperunnar er vel mögulegt að uppbygging hennar taki lengri tíma ef ekki næst að tryggja tiltekna fjárveitingu hverju sinni og stofnunin geti þannig sniðið sér stakk eftir vexti. Á sama tíma verður þó áfram unnið að

frekari samþættingu Þjóðaróperu við Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska dansflokkinn, með enn frekari hagræðingu og samlegðaráhrif fyrir augum.

## **II. Nefndin óskar eftir viðbrögðum ráðuneytisins við framkomnum umsögnum.**

Alls bárust 34 umsagnir hvaðanæva að á landinu, m.a. frá einstaklingum, fagaðilum, stéttarfélögum, menntastofnunum, sjálfstæðum leikhópum og ríkisstofnunum. Í öllum nema einni var lýst yfir stuðningi við frumvarpið. Þó komu nokkrar efnislegar athugasemdir sem hér skal svarað í þeirri röð sem þær bárust.

### **1. Páll Baldvin Baldvinsson, dbnr. 2150:**

Í umsögn Páls Baldvins Baldvinssonar til nefndarinnar kemur fram að í ljósi þeirra breytinga sem verða á starfsemi Þjóðleikhússins, verði frumvarpið að lögum, þurfi að vera hafið yfir allan vafa hvort heimilt sé að láta skipunartíma þjóðleikhússtjóra endurnýjast sjálfkrafa eða hvort auglýsa verði embættið laust til umsóknar vegna breytinganna.

Meginreglan um að skipunartími embættismanna endurnýist sjálfkrafa um fimm ár, sé viðkomandi ekki tilkynnt sex mánuðum áður en skipunartíma lýkur að embættið verði auglýst laust til umsóknar, kemur fram í 2. mgr. 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Um skipun í embætti þjóðleikhússtjóra er fjallað í 4. gr. laga um sviðslistir, nr. 165/2019. Þar eru skipun þjóðleikhússtjóra settar þær skorður að hann má eingöngu skipa tvö samfelld skipunartímabil. Ekki er fyrir að fara fleiri undantekningum frá framangreindri meginreglu starfsmannalaga. Þegar frumvarp til laga um sviðslistir var lagt fram á 150. löggjafarþingi (276. mál, þskj. 305) var lagt til að skylt yrði að auglýsa embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils. Sú regla var hins vegar felld brott í þinglegri meðferð frumvarpsins, að tillögu allsherjar- og menntamálanefndar. Í nefndaráliti nefndarinnar (þskj. 651) var breytingartillagan þannig rökstudd, að ekki væri tilefni til að ráðast í tímafrekt og kostnaðarsamt ferli við að auglýsa embættið, þegar til stæði að endurnýja skipun þjóðleikhússtjóra.

Af þessu er ljóst að heimilt er að láta skipunartíma þjóðleikhússtjóra endurnýjast, án auglýsingar, í samræmi við meginreglu 2. mgr. 23. gr. starfsmannalaga, enda hafi þjóðleikhússtjóri eingöngu setið eitt skipunartímabil. Lagabreyting væri nauðsynleg til að breyta þeirri túlkun. Með frumvarpinu sem nú er til umfjöllunar er ekki lagt til að breyting verði gerð á 4. gr. laga um sviðslistir um skipunartíma þjóðleikhússtjóra, eða endurnýjun hans. Sú breyting sem verður á starfsemi Þjóðleikhússins, verði frumvarpið samþykkt, verður ekki til þess að breyta framangreindri túlkun á samspili 1. mgr. 4. gr. laga um sviðslistir og 2. mgr. 23. gr. starfsmannalaga. Með samþykkt frumvarpsins stofnast með öðrum orðum ekki skylda til að auglýsa embætti þjóðleikhússtjóra laust til umsóknar umfram það sem leiðir af gildandi lögum. Ráðherra verður heimilt, en ekki skylt, að auglýsa embættið og hefur svigrúm til að leggja sjálfstætt mat á hvor leiðin er valin.

### **2. Selma Guðmundsdóttir (Richard Wagner félagið á Íslandi), dbnr. 2203:**

Í umsögn Selmu Guðmundsdóttur lýsir hún undrun á að ekki skuli fjallað nánar um samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands í frumvarpinu, enda liggja beint við að nýta krafta hljómsveitarinnar í þágu óperuflutnings.

Það skal tekið undir að hljómsveitin er vissulega bæði stór og mikilvægur þáttur af hverri óperuuppfærslu enda hefur talsvert samráð verið haft við framkvæmdastjórn SÍ við undirbúning frumvarpsins. Til að SÍ fái formlegt hlutverk innan Þjóðaróperu er hins vegar nauðsynlegt að aðlaga bæði stofnana- og kjarasamninga hljómsveitarinnar, og hugsanlega einnig tónlistarlögin. Þá þyrfti hljómsveitin að aðlaga efnisskrá sína og fylgir því einnig umtalsverður undirbúningur, en það er ekki hlutverk þessa frumvarps að leggja til breytingar



á starfsháttum SÍ. Þetta er því samstarf sem þegar er farið að undirbúa en verður betur þróað og byggt upp þegar frumvarp um stofnun Þjóðaróperu er orðið að lögum.

### 3. Íslenska óperan ses., dbnr. 2319:

Íslenska óperan lýsir yfir mikilli óánægju með frumvarpið í langri og gagnrýnni umsögn og skal reynt að fylgja uppsetningunni á henni við svörin:

1. *Tilgangur.* ÍÓ telur það tilgang frumvarpsins að færa óperustarfsemi undir stýringu ráðherra.

Tilgangur frumvarpsins er að styrkja stöðu óperulistar á Íslandi. Um leið verði tryggð samfelld starfsemi er skapar starfsgrundvöll fyrir söngvara og gerir óperunni kleift að sinna margskonar verkefnum á borð við nýsköpun, fræðslustarf, samstarf við landsbyggðina og þróun óperuformsins. Einnig er verið að samnýta betur þá innviði sem til eru fyrir sviðslistir. Þjóðarópera verður ekki undir beinni stýringu yfirvalda fremur en aðrar listastofnanir á Íslandi og er ætlað að standa undir nafni með fjölþættum tengslum við landsbyggðina og samfélagið í heild.

2. *Markmið.* ÍÓ segir frumvarpið skorta markmið önnur en að auka kostnað.

Hlutverk frumvarpsins er að skapa faglega umgjörð utan um listræna starfsemi, ekki að útfæra listræna stefnu. Markmiðið með Þjóðaróperu er að sinna óperuarfleifðinni en einnig nýsköpun og framþróun með sterkum tengslum við samfélagið. Gert er ráð fyrir að um helmingur kostnaðar verði fastur en helmingur breytilegur.

3.  *Sjáfstæði.* ÍÓ segir að verið sé að fórna sjálfstæði óperustarfsemi.

Sjálfstæði Þjóðaróperu er vel skilgreint í frumvarpinu, þrátt fyrir að hún verði stofnuð innan Þjóðleikhússins. Þannig hefur ráðherraskipaður óperustjóri fullt listrænt vald yfir starfsemi óperunnar, þ.m.t. yfir verkefnum og vali á starfsfólki, en einnig aðgreint fjármagn, auk þess sem fólk af vettvangi óperulista bætist við þjóðleikhúsráð og veitir óperustjóra stuðning. Þjóðarópera verður því, fyrst um sinn, líkara dótturstofnun Þjóðleikhússins heldur en deild innan þess, en í framtíðarsýn er gert ráð fyrir að þetta verði systurstofnanir. Ráðherra mun ekki hafa meira vald yfir Þjóðaróperu en hann hefur yfir öðrum listastofnunum á vegum ríkisins, enda skýr ákvæði um skipun óperustjóra eftir tillögum nefndar fagaðila, og skýr ákvæði um að óperan sé ábyrg gagnvart þjóðleikhúsráði.

4. *Rekstrarform.* ÍÓ segir rekstrarformið sem frumvarpið leggur til vera víkjandi á Vesturlöndum.

Fyrirhugað rekstrarform Þjóðaróperu er sambærilegt við Þjóðleikhúsið og Íslenska dansflokkinn, en með því verður mögulegt að kanna enn frekari samlegðartækifæri meðal sviðslistastofnana ríkisins. Að sama skapi opnast möguleikar á nánari samfléttingu við aðrar listastofnanir í eigu ríkisins, líkt og Sinfóníuhljómsveit Íslands og Hörpu.

5. *Sjónunarlegur óskýrleiki.* ÍÓ telur fyrirkomulagið ávísun á stjórnunarlega óreiðu.

Með samrekstri Þjóðaróperu og Þjóðleikhúss er verið að reyna nýtt fyrirkomulag er hefur í för með sér marga kosti en einnig áskoranir. Til þess að skýra stjórnskipulega ábyrgð hefur átt sér stað ítarlegt samtal við Þjóðleikhúsið og þjóðleikhúsráð. Óperustjóri ákveður það starfsfólk sem undir hann heyrir, þ.m.t. tónlistarstjóra og framleiðslustjóra óperuverkefna sem og söngvara og kór, og ræður hvernig vinnu þeirra er háttáð. Óperustjóri ræður einnig listrænt teymi fyrir allar uppfærslur óperunnar, stýrir listrænni stefnu og verkefnavali en hefur samráð við þjóðleikhússtjóra með tilliti til verkefna leikhússins og fjárhagsramma. Óperustjóri vinnur fjárhagsáætlanir verkefna Þjóðaróperu í samráði við þjóðleikhússtjóra og

framkvæmdastjóra Þjóðleikhússins og vinnur eftir þeim. Þjóðleikhúsráð hefur eftirlit með áætlunum Þjóðaróperu á sama hátt og það hefur eftirlit með áætlunum Þjóðleikhússins. Óperustjóri hefur samráð við verkefnavalsnefnd og listráð Þjóðleikhússins í þeim tilgangi að auka samlegð og samræmingu verkefna. Óperustjóra er heimilt að setja saman sitt eigið listráð sér til ráðgjafar.

6. *Kostnaðar-ábatagreining.* ÍÓ telur þreföldun framlaga til óperuflutnings ekki vera réttlætta í frumvarpinu.

Ef ársframlag til Íslensku óperunnar frá 2019 er uppfært samkvæmt vísitölu nemur það um 310 millj. kr. Hér er því um að ræða ríflega tvöföldun á framlagi, ekki þreföldun. Þá er ábatinn talinn ótvíræður, því með samfelldri starfsemi er ekki aðeins hægt að ná blómlegri og fjölbreyttari starfsemi heldur einnig mun betri nýtingu á tíma fasts starfsfólks og á rýmum Hörpu, auk þess sem samnýting á fag- og stoðdeildum leikhússins eykur á hagkvæmni.

7. *Meðferð „jármuna.“* ÍÓ telur að fastur kostnaður Þjóðaróperu verði of hár og að ÍÓ gæti nýtt það fé betur.

Þær forsendur sem hér eru settar fram eru rangar. Með samlegð við Þjóðleikhúsið fækkar föstu starfsfólki á skrifstofu og í stoðdeildum þannig að hægt er að nýta húsnæðið í Hörpu betur. Þannig verður hægt að gera saumastofuna að tónlistarherbergi, leikmyndageymsluna að æfingasal o.s.frv. Um leið losnar pláss til sameiginlegrar vinnu- og hvíldaraðstöðu fyrir listafólkið. Þegar Þjóðarópera verður komin í fulla starfsemi er reiknað með að rúmlega helmingur framlagsins fari í fastan kostnað, en með fastráðið listafólk er talsverð starfsemi þegar innifalin í því. Til samanburðar má benda á að hér er ítrekað gengið út frá að Þjóðarópera muni fá þrefalt framlag og er þá verið að miða við óuppreiknað 220 millj.kr. framlag ÍÓ frá 2019. Þar af hafði ÍÓ 150 millj.kr., eða rúmlega tvo þriðju framlagsins, í fastan kostnað.

8. *Skortur á greiningu.* ÍÓ gagnrýnir að greining hafi ekki farið fram meðal almennings og áheyranda.

Það er rétt að bróðurparturinn af þeirri miklu vinnu sem hefur farið í undirbúning frumvarpsins undanfarin ár hefur snúið að því hvað væri ákjósanlegasta rekstrarform óperu á Íslandi og hvaða hlutverki slík stofnun ætti að gegna. Ýmsar sviðsmyndir hafa verið skoðaðar og kostnaðargreindar all ítarlega í því samhengi. Því miður hafa áhorfendarannsóknir innan sviðslistanna, og menningar á Íslandi almennt, verið litlar sem engar og það væri sannarlega mikilvægt að bæta úr því. Almennt hefur þó verið gengið út frá því að þar eð ópera hefur alltaf verið vinsæl á Íslandi þá sé áhorfendahópurinn til staðar.

Umsögn ÍÓ fjallar nú nánar um þessi atriði, en hér verður reynt að stikla á stóru í viðbrögðum:

#### *Tilgangur og markmið.*

- Tilgangur frumvarpsins er hvorki að koma óperustarfsemi undir stjórn ríkisins né að fella hana inn í rekstur Þjóðleikhússins heldur að gera umgjörð óperustarfsemi sterkari og leita um leið samlegðar við aðra öflugra sviðslistastofnun.
- Þegar talað er um bolmagn til að fylgja stefnu hins opinbera er átt við að með bættri umgjörð utan um samfellda starfsemi, breytt fyrirkomulag og skýr réttindi og skyldur geti Þjóðarópera betur sinnt kröfum um jafnrétti, inngildingu og fjölbreytileika, m.a. í gegnum fræðslu-, nýsköpunar-, skóla-, samstarfs- og þróunarverkefni.
- Hlutverk frumvarpsins er að búa til umgjörð fyrir óperustarfsemi út frá þeirri greiningu og því samráði sem hefur verið átt við hag- og fagaðila síðustu árin. Það er ekki hlutverk frumvarpsins að segja nákvæmlega fyrir um hvernig sú starfsemi eigi að vera.
- Forsendurnar sem hér eru settar fram um fastan kostnað Þjóðaróperu eru rangar, en einnig staðhæfingin að setja eigi upp 6-7 stór verk á ári. Gert er ráð fyrir að Þjóðarópera setji upp eina stóra sýningu í Eldborg og eina sýningu á stóra sviði Þjóðleikhússins ár hvert, auk minni verkefna og samstarfsverkefna á landsbyggðinni, fræðslu- og skólaverkefna, óperustúdíós með LHÍ, stuðnings

við grasrót og þróunarvinnu fyrir ný verk. Áherslan er á samfellda starfsemi og sönghóp sem þroskast og dafnar um leið og hann styrkir óperumenningu á Íslandi á sem fjölbreytilegastan hátt.

- Lagaleg heimild ríkislistastofnunar til að taka aðgangseyri er nauðsynleg í frumvarpi en ekki er við hæfi að binda sértekjukurfu í lögum, enda breytist hún gjarnan milli ára. Þjóðarópera mun lúta opinberri stefnu ríkisins hvað varðar sjálfbærni og það er tekið fram í frumvarpinu að Þjóðaróperu sé heimilt að eiga í erlendu samstarfi.
- Hinn langi tími sem er gefinn nefndinni til að kanna frekari samlegðaráhrif meðal sviðslistastofnana ríkisins er hugsaður út frá því að Þjóðarópera á að fara af stað í áföngum og samstarfið við Þjóðleikhúsið verði þróað um leið. Þessi framtíðarsýn hefur í för með sér umtalsverðar breytingar sem þarf að innleiða í góðu samráði og samtali við listgreinarnar og stofnanirnar á sama tíma og Þjóðarópera fótur sig.

#### *Rekstrarform og stjórnunarhættir:*

- Varðandi sjálfstæði Þjóðaróperu, stjórnunarlegan óskýrleika og nefnd um frekari samlegð vísast til svara hér að ofan. Þess skal þó getið að reglugerðarheimild ráðherra er fyrst og fremst til þess að tryggja sjálfstæði óperunnar innan leikhússins, en ekki til að færa ráðherra vald yfir stofnuninni enda getur reglugerð ekki gengið lengra en þau lög sem hún byggir á.
- Kostirnir við samlegð við Þjóðleikhúsið eru ágætlega útlistaðir í kafla 3.2. í greinargerð frumvarpsins. Það er vafalítið hagkvæmara að bæta við manneskju t.d. í saumadeild heldur en að búa til deild frá grunni, með tilsettum húsnæðis- og tækjakosti, að ekki sé minnst á þekkinguna sem er þegar til staðar í leikhúsinu.
- Um markmið og ávinning með stofnun Þjóðaróperu skal einnig vísað til fyrri svara. Þó skal þess getið að frumvarpið er ekki lagt fram samkvæmt kröfum pólitísks valds heldur til komið eftir margra ára samtal og náið samráð við fjölda fagfólks innan óperu og sviðslista.
- Það er ekki við hæfi að tala um þekkingarskort við undirbúning frumvarpsins, enda hefur samráð verið víðtækt, mörg dæmi og fyrirmyndir verið skoðaðar og reynsla fjölmargs fagfólks nýtt. Þá er mikilvægt þegar einstökum stofnunum er stillt upp til samanburðar að allar staðhæfingar um þær standist.

#### *Nýja óperan.*

- Ekki er ljóst hvernig hægt er að vinna þær breytingar sem hér eru settar fram inn í frumvarpið í núverandi mynd.

#### **4. Félag íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum (FÍL), dbnr. 2420:**

FÍL lýsir stuðningi við frumvarpið en lætur þó fylgja afrit af ítarlegri umsögn sem félagið sendi inn í opinbera samráðsgátt í byrjun mars. Sú umsögn var að mestu leyti framsetning á atriðum sem haft var samráð um og tekið tillit til við undirbúning frumvarpsins. Þeim var engu að síður ítarlega svarað í skýrslu ráðuneytisins um opinbert samráð og skal hér vísað til hennar:

<https://samradapi.island.is/api/Documents/584d6531-8ddc-ee11-9bc1-005056bcce7e>

FÍL dregur áherslur sínar fram á ný í umsögninni og leggur aftur áherslu á þá afstöðu sína að ávallt beri að auglýsa stöðu þjóðleikhússtjóra, jafnvel ef áhugi er á að endurráða hann. Er vísað á svarið við umsögn Páls Baldvins Baldvinssonar hér að ofan en um leið skal það undirstrikað að löggjafinn tók mjög skýra afstöðu gegn þessu viðhorfi við setningu sviðslistalaga 2019 með því að fella slíkt ákvæði brott úr frumvarpinu. Löggjafinn hefur mætt þeim sjónarmiðum sem teflt er fram um mikilvægi endurnýjunar forstöðumanna menningarstofnana með því að setja 10 ára hámark á skipunartímann, en ekki með því að krefjast auglýsingar í lok hvers fimm ára tímabils.

Allsherjar- og menntamálanefnd

Þingmál 936

Sviðslistir (Þjóðarópera).

Kæru Þingmenn

Varðandi þjóðaróperu:

Ég er mjög fylgjandi stofnun þjóðaróperu.

En ég vil undirstrika að hún ætti að vera þjóðarópera og höfða bæði til allra og vera aðgengileg sem flestum landsmönnum. Þátttaka í henni verður að vera í boði bæði fyrir söngvara og hljóðfæraleikara um land allt. Víða á landinu búa lærðir óperusöngvarar, hljóðfæraleikarar og eins öflugir kórar starfandi. Mjög nauðsynlegt og eðlilegt er að þjóðaróperan verði opin fyrir þáttöku þessara aðila á landsbyggðinni sem og á höfuðborgarsvæðinu svo lengi sem þeir uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til flutnings þeirra viðburða sem valdir yrðu hverju sinni. Sjálfur er ég m.a. lærður óperusöngvari en er einn þeirra fárra sem búa á landsbyggðinni sem sungið hefur aðalhlutverk hjá Íslensku Óperunni. Ég vil benda á að margir frægir söngvarar hafa alist upp á landsbyggðinni og þarf ekki að minna á einn allra frægasta söngvara okkar Kristján Jóhannsson sem ólst upp og fékk sína kennslu á Akureyri.

Til að ópera verði að þjóðareign og þjóðargersemi þurfa landsmenn að kynnast henni betur en langbesta leiðin til að efla áhuga á óperu er að fá tækifæri til að taka þátt í flutningi, eða hlýða á vini og vandamenn taka þátt í svona uppfærslu.

Michael Jón Clarke

Til Allsherjar- og menntamálanefndar alþingis.

Reykjavík 30. 4. 2024.

Vegna afgreiðslu nefndarinnar á frumvarpi til breytinga á lögum um sviðslistir.

Góðan dag,

Stutt athugasemd vegna frumvarps um breytingar á sviðslistalögum. Undirritaður kom að upphafi þessa máls sem sérfræðingur, var kallaður til starfa í menntamálaráðuneyti er endurskoðunarferli sviðslistalaganna hófst 2020.

Umbreyting á sviðslistalögum hefur síðan verið í ítarlegu ferli og ráðherra og ráðuneytið lagt mikla vinnu í að greina þær lagabætur sem í vændum eru fáist samþykki þingmeirihluta til.

Ég tel þessar breytingar til mikilla framfara almennt séð í sviðslistamálum á Íslandi, öllum þáttum sviðslista til heilla, ekki síst þeirri þjónustu sem ríkissjóður hefur af metnaði sinnt af hugsjón sem á upphaf sitt til Sigurðar Guðmundssonar og lærlings hans Indriða Einarssonar. Allsherjar og menntamálanefnd er í minnst tveim málum að halda uppi merki borgarlegrar menningar á Íslandi sem er í grunninn arfur þjóðfrelsisbaráttu nítjándu aldar forkólfa sjálfstæðisbaráttunnar.

Eitt smáatriði tel ég rétt að nefndin hugi að: Þjóðleikhússtjóri skal vera yfirmaður og ábyrgðarmaður starfs í Þjóðleikhúsi og undir hann heyrir óperustjóri. Nú er það svo að skipunarbréf núverandi þjóðleikhússtjóra er til fimm ára, en hann var ráðinn eftir tilskilið ferli frá 1. Janúar 2020 og lýkur skipun hans í lok þessa árs.

Í ljósi þess að veruleg breyting verður á starfi Þjóðleikhússtjóra með því sem í vændum er tel ég að kanna þurfi hvort eðli breyttrar og nýrrar ábyrgðar starfsins (aukin umsvif, viðbótarfjármagn til rekstrar allt að 600 milljónum er fram í sækir) kalli á að hafið verði yfir allan vafa hvort ráðherra sé heimilt að nýta endurskipunarrétt sinn til ráðningar Magnúsar næstu fimm ár frá 1. Janúar 2025 eða hvort auglýsa verði starfið að nýju að breyttu breytanda.

Ég tek fram að í þessari athugasemd felst engin dómur um þann einstakling sem um ræðir, einungis að það umboð sem starfandi embættismañni er falið frá og með 1. Janúar sé fullgilt og í samræmi við lög um starfsmenn ríkisins.

Ég dreg ekki dul á að innan sviðslistageirans hefur þessi staða verið til umræðu og því sé nefndinni brýnt að láta kanna hjá sérfræðingum sínum það álitamál sem hér um ræðir og fylgja niðurstöðum þeirrar könnunar eftir í umsögn sinni þingi og ráðherra til leiðbeiningar.

Vinsamlegast, Páll Baldvin Baldvinsson

**Efni: Umsögn frá teymi Óperudaga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sviðslistir nr. 165/2019 (Þjóðarópera)**

Til allsherjar- og menntamálanefndar.


Við hjá Óperudögum fögnum frumvarpi um þjóðaróperu og styðjum það heils hugar.

Óperudagar er eina óperuhátíðin á Íslandi og hefur verið starfrækt frá árinu 2016. Meirihluti þeirra íslensku listamanna sem starfa við óperufagið hafa komið fram á hátíðinni á undanförunum árum.

Ásamt því að styðja frumvarpið, beinum við athygli að mikilvægi þess að hlýtt sé á raddir fagfólks sem starfar og er menntað í óperufaginu, þeirra vilja og sýn hvað málið varðar.

Með von um að ný þjóðarópera taki til starfa 1. janúar 2025,

Fyrir hönd Óperudaga,



Guja Sandholt

Listrænn stjórnandi Óperudaga og klassísk söngkona

[www.operudagar.is](http://www.operudagar.is)





STS Samtök tónlistarskólastjóra  
*Association of Icelandic Music School Directors*

10. maí 2024

Til allsherjar- og menntamálanefndar.

Samtök tónlistarskólastjóra, lýsir eindregnum stuðningi við frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera) sem nú liggur fyrir Alþingi og gerir samtökin engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Með komu Þjóðaróperu sjá Tónlistarskólar á Íslandi möguleika á samstarfi og markvissari kynningu á óperunni sem gæti falist m.a. í heimsóknir um landið.

Stjórn STS

Jóhann Morávek

Aron Örn Óskarsson

Linda María Nielsen

Guðni Bragason

Sóley Prastardóttir

## Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera).

Þingskjal 1383 – 936. mál.

Umsagnaraðili: Selma Guðmúsdóttir píanóleikari, fyrrverandi meðleikari með söngvurum í Listaháskóla Íslands, fyrrverandi formaður í Félagi Íslenskra tónlistarmanna. Stofnandi Richard Wagner félagsins og formaður þess frá 1995. Sem meðlimur í stjórn Listahátíðar 1994 vann hún að uppsetningu fyrstu Wagneróperu á Íslandi, styttri gerð Niflungahringins.

### Almennt álit.

Sem mikill unnandi óperutónlistar fagna ég því að fá að setja inn athugasemdir. Hef fylgst náið með óperustarfi á Íslandi, einkum frá og með stofnun Íslensku óperunnar 1980. Hef auk þess sótt hundruði óperusýninga erlendis og kynnt mér aðstöðu og hag erlendra óperuhúsa.

Mjög veigamikill og dýr þáttur í óperuuppfærslum er hlutur hljómsveitar. Fjarvera Sinfóníuhljómsveitar Íslands stakk því í augu í frumvarpinu, þó í greinargerð standi vísu, í 3.2. *Rekstrarform, að áformaður sé samstarfssamningur við hljómsveitina. Í greinargerð 6.5 Framtíðarsýn er einnig vísað í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem bendir á að skoða beri tísíleika og hagræðingu af sameiningu eða aukinni samvinnu sviðslista- og tónlistarstofnana ríkisins með hliðsjón af eðlislíku kjarnahlutverki þeirra. Þetta sjónarmið er ítrekað í skýrslu sama embættis um Sinfóníuhljómsveit Íslands frá september 2023 og bent á að í Danmörku eru sviðslistir á vegum heins opinbera rekna undir einum hatti.*

Að mínu mati hefur það helst staðið óperuflutningi á Íslandi fyrir þrifum að hafa ekki aðgang að Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ). Af takmörkuðum fjárráðum hefur því stór hluti farið í að ráða hljóðfærateikara á einstaklingsbasis. Þar sem flestir þessara hljóðfærateikara hafa einnig verið meðlimir SÍ hefur þurft að samþætta starfsemina, þ.e. gæta þess að ekki sé óperuflutningur og Sinfóníutónleikar á sama kvöldi. Um leið og ég fagna því hversu góða Sinfóníuhljómsveit við eigum harma ég að kraftar hennar séu ekki nýttir einnig í þágu óperuflutnings.

Áhugi á sinfóníutónlist er sem betur fer mjög mikill og hátt í 1.000 manns sækja tónleika sveitarinnar. En miklu stærri hópur hefur sótt óperusýningar, oft hefur áheyrendahópur á eina óperusýningu farið yfir 10.000 manns. Það er því ljóst að miklir hagsmunir eru í húfi að reyna að koma til móts við þennan stóra hóp óperuunnenda, sem hefur að mínu mati verið sárlega vanræktur í áratugi, allt of fáar óperusýningar og fjárhagslegt bolmagn of lítið. Þrátt fyrir þá staðreynd að við höfum alla burði til að halda uppi öflugri óperustarfsemi, fjölmarga frábæra söngvara, sem flestir þurfa að starfa erlendis, góða kóra og svo þessa frábæru hljómsveit, SÍ.

Ég hef mjög lengi beðið eftir því að ráðherra menntamála gerði það sem til þyrfti til að kraftar SÍ nýttust einnig við flutning á óperum, hef örugglega skrifað um það og verið í startholunum að fara á fund ráðherra. SÍ er rekin af almamfé og ekki einkafyrirtæki.

Það eru ekki margar borgir erlendis á stærð við Reykjavík, sem geta bæði rekið Sinfóníuhljómsveit og svo aðra hljómsveit fyrir óperuflutning. Dæmi. Hvergi í heiminum er stuðningur við klassíska tónlist meiri en í Þýskalandi og eiga Þjóðverjar því margar framúrskarandi hljómsveitir, samanlagt um 130 hljómsveitir rekna eða styrktar af opinberum aðilum. Um tveir þriðji hlutar þeirra, eða 80 talsins, gegna jafnframt hlutverki óperuhljómsveita. Nærtækt dæmi er Gewandhaus hljómsveitin í Leipzig og Staatskapelle í Dresden. Báðar afburðahljómsveitir. Það er hægur vandi að skipuleggja starf sinfóníuhljómsveita þannig að þær geti sinnt hvoru tveggja, eigin tónleikahaldi og flutningi á óperum. Ef þetta yrði að veruleika



hérlandis þyrfti ef til vill að stækka hljómsveitina lítillega og fækka eitthvað tónleikum hennar að öðru leyti.

Það eimir eitthvað eftir af þeirri bágbilju hérlandis að hljómsveitir setji eitthvað ofan við það að sinna óperuflutningi, að fara ofan í gryfju. Staðreyndin er sú að hljómsveitir, sem einnig leika óperu repertoire, eru iðulega bestu hljómsveitirnar. Um það hafa margir hljómsveitarstjórar tjáð sig, margir þeirra þekktustu, eins og Christian Thielemann, gera helst upptökur sínar á sinfónískri tónlist með óperuhljómsveitum. Berliner Philharmoniker og Wiener Philharmoniker taka árlega þátt í óperuhátíðum, Salzburg, Baden-Baden etc. Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri SÍ er sama sinnis. Það kann að vera að einhverjum hljóðfæraleikurum við SÍ finnist þeir missa einhvern spón úr sínum aski við það að geta ekki ráðið sig til óperuflutnings í aukavinnu, en hagsmunir þeirra, sem njóta myndu fjárhagslegs og listræns ávinnings af samrekstri sinfóníu og óperu hlyti auðvitað að veða miklu þyngra. Langtíma hagsmunir ríkis og stærri hópa yrðu teknir fram yfir einstaklingshagsmuni. Enginn væri að tala um meiri vinnuskyldu, lægri laun, heldur endurskipulagningu og hagræðingu.

Það sem kom mér sem sagt mest á óvart, varðandi frumvarpið, var nánast algjör fjarvera Sinfóníuhljómsveitarinnar og þess óhjákvæmilega mikilvægis sem hljómsveit er í rekstri óperu. Ég hefði kannske búist við því að jafnvel frekar en að fara í samflot við Þjóðleikhúsið yrði farið undir einn hatt með hljómsveitinni.

Ég tel það samt áhugaverðan kost að þetta sé í samfloti við Þjóðleikhús, þar sem í Þjóðleikhúsinu er einn besti kosturinn til flutnings á óperum hérlandis. Þar var m.a. sett upp sýning, sem ég var í forsvari fyrir, fyrir hönd Listahátíðar 1994. Eins kvölds sýning á Niflungahring Wagners, 16 tíma verk, sem stytt var í 4 tíma og sýnt 5 sinnum við mikinn fögnuð áheyrenda og gagnrýnenda víða að úr heiminum. Eldborg í Hörpu getur að vísu allvel þjónað því hlutverki að sýna óperur og víða erlendis er farið að nota tónleikasali jafnframt til óperuflutninga. Flest það sem leikhús hefur að bjóða er ekki þar til staðar en með hugvitsemi og tæknimöguleikum er sífellt meira sem hægt er að gera þótt vanti tjald, hringsvið, leikhústurn. Verst er hve erfiður aðflutningur leikmuna er, gengum allt of litlar og lágar dyr.

### **Einstök atriði:**

*8.gr.a: Hlutverk og helstu verkefni.*

*„Miða skal við að árlega sé á dagskrá flutningur á íslensku verki eftir því sem aðstæður leyfa.“*

Ísland er lítið land og þó við setjum heimsmet á flestum sviðum miðað við höfðafjölda tel ég ekki að efni séu til „að árlega sé á dagskrá flutningur á íslensku verki“.

Í ljósi þess hve gríðarstórt hið alþjóðlega repertoire er og svo hins, hversu mikið er enn óflutt hérlandis úr því repertoire-i myndi ég gjalda varhug við að þetta ákvæði yrði of bindandi. Auðvitað er ákveðinn fyrirvari þegar sagt er „Miða skal við.....“ og svo í lokin „.....eftir því sem aðstæður leyfa“. En þetta gæti orðið til að opna fyrir fullmiklar væntingar og kannske í kjölfarið óánægju. Vissulega hefur ekki mikið verið flutt af íslenskum verkum, sem þegar hafa verið samin, m.a. vegna fjárhagsstöðu. Og því einhver verkefni sem kannske bíða. Taka hefur þurft of mikið mið af því að setja upp „kassatykki“, sem íslensk verk eru yfirleitt ekki.

Ef til vill mætti skipta „árlega“ út með „á tveggja ára fresti“.

Virðingarfyllst,

2. maí 2024, Selma Guðmundsdóttir píanóleikari, Dragavegi 11, 104 R



Umsagnaraðili: Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Dagsetning: 10. maí 2024.

Þingmálsnúmer: 936.

Heiti máls: Sviðslistir.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019, Þjóðarópera**

Sinfóníuhljómsveit Íslands fagnar stofnun Þjóðaróperu með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu og telur að um sé að ræða mikilvægt skref fyrir menningu landsins.

Framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar hefur á síðustu árum átt fundi með starfshópum, nefndum og fulltrúum menningar- og viðskiptaráðuneytis þar sem ýmsar sviðsmyndir tengdar rekstri Þjóðaróperu hafa verið dregnar fram.

Sinfóníuhljómsveit Íslands styður þá leið sem valin hefur verið, þ.e. að Þjóðarópera verði stofnuð sem hluti af Þjóðleikhúsinu í anda samstarfs og samnýtingar. Það er mikið framfaraskref að nú verði til enn traustari grundvöllur fyrir óperulist á Íslandi og að starfsgrundvöllur söngvara og sviðslistafólks sé tryggður.

Í greinargerð með frumvarpinu (3.2 grein) er tekið fram að áformað sé að gera samstarfssamning við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Stjórnendur hljómsveitarinnar telja mikilvæg tækifæri felast í slíkum samstarfssamningi og geti samvinna styrkt listræna stöðu beggja. Undirbúa þarf slíkt samstarf vel og huga að breytingum á kjara- og stofnanasamningum hljóðfæraleikara í samtali við stéttarfélög þeirra. Til framtíðar er mikilvægt að fjölga hljóðfæraleikurum svo starfsemi hljómsveitarinnar haldist að mestu óskert, þrátt fyrir samstarf við Þjóðaróperu.

Auk samvinnu við óperusýningar er áhugavert að horfa til samstarfs þegar kemur að fræðslustarfi og uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu.

Fyrir hönd Sinfóníuhljómsveitar Íslands,

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
framkvæmdastjóri

## Umsögn Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands vegna frumvarps til laga um þjóðaróperu

Aðstandendur Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands fagna fyrirhugaðri stofnun þjóðaróperu. Telja þeir mikið fagnaðarefni að í frumvarpinu sé lögð áhersla á að þjóðarópera standi fyrir samvinnuverkefnum með aðilum í öllum landshlutum enda teljum við það forsendu þess að þjóðarópera standi undir nafni.

Ýmsar leiðir eru mögulegar varðandi samstarf og samvinnu Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands og þjóðaróperu. Bæði hvað varðar óperuuppsetningar/óperusýningar og samvinnu um tónleikahald. Einnig eru skýrir möguleikar á samvinnu um fræðsluverkefni og skólatóneika. Samvinnuverkefni þjóðaróperu og Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands munu efla starf beggja.

Til Allsherjar- og menntamálanefndar alþingis.

Reykjavík, 8. maí, 2024.

Umsögn Sviðslistaráðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera). Þingskjal 1383 - 936. mál.

Sviðslistaráð, sem starfar eftir lögum um sviðslistir, lýsir yfir miklum og eindregnum stuðningi við breytingar á lögum um sviðslistir í tilefni af stofnun Þjóðaróperu. Breytingar þessar eru afar mikilvægt, eðlilegt og tímabært framfaraskref til eflingar sviðslista á Íslandi.

Með þessum breytingum er regluleg óperustarfsemi sett í fastar skorður og stefnt að skynsamlegri framtíðarsýn sem felst í sameiginlegri stofnun þar sem símfónúhljómsveit, listdans, leiklist og ópera heyra undir.

Hvarvetna um heim allan eru óperur og flutningur þeirra og þeir listamenn sem koma við sögu stolt þjóða og ómetanleg verðmæti í sameign þjóðar.

Þjóðarópera mun verða máttarstólpi í íslensku menningarlífi og styrkja sjálfsmynd þjóðarinnar svo um munar líkt og Þjóðleikhúsið hefur gert frá stofnun til þessa dags. Allar sviðslistir (og allar listir) efla lífsgæði og hagsæld með margslungnum töfrandi mætti sínum.

Hafliði Arngrímsson, formaður

Pétur Ármannsson

Þóra Einarsdóttir

Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um sviðslistir 165/2019

Þingskjal 1383 – 936. mál.

Fyrst vil ég koma því á framfæri að ég styð þetta frumvarp og styð stofnun Þjóðaróperu. Í mínum huga mun það ýta undir þetta listform á Íslandi og auka fjölbreytnina.

Ég hef þó eina athugasemd sem ég bið alsheljar- og menntamálanefnd að skoða.

Í annarri grein um hlutverk er talað um að glæða áhuga landsmanna á óperulistum og svo í næstu málsgrein er talað um samstarfsverkefni í öllum landshlutum.

Í mínum huga ætti að standa að þjóðaróperan starfi í öllum landshlutum. Ekki bara standi fyrir samstarfsverkefnum. Með þessu þá er verið að festa þau, sem hafa áhuga á að starfa við Þjóðaróperuna, á höfuðborgarsvæðinu. Þannig verður þetta enn eitt batteríð sem er með starfsemi í höfuðborginni en á svo að sinna öllu landinu en gerir það ekki eða lítið. Það gerir það þá að verkum að þau sem hafa menntað sig í þessu sæki frekar eftir að búa á höfuðborgarsvæðinu og gerir landsbyggðina fátækari af listafólki.

Eins og ég nefndi í athugasemd við frumvarpsdrögin í samráðsgátt stjórnvalda þá legg ég til að breytt verði um stefnu og fastráða söngvara/starfsfólk í hverjum landshluta og setja reglur um þáttöku í verkefnum þar. Ýta undir verkefni, stofna til nýrra, vinna með hópum sem eru þar fyrir og svo einnig taka þátt í stærri sýningum í öðrum landshlutum.

Þá væri hægt að hafa verkefni þar sem þessir söngvarar taka þátt í, með öðrum sem eru verkefnaráðnir. Ekki bara gera það þannig að við úti á landi fáum mögulega og kannski til okkar valdar sýningar sem gætu borið sig uppi. Heldur hjálpum þessu listformi að lifa út um allt land.

Það sést hversu höfuðborgarsvæðismiðað þetta listform er, þegar sérstakir styrkir úr Sviðslistasjóði til Óperuverkefna fóru miðað við mínar athuganir allir til verkefna á höfuðborgarsvæðinu. Þannig áframhald ýtir ekki undir markmið frumvarpsins sem er að glæða áhuga landsmanna á óperulistum.

Þá finnst mér orðalagið í innganginum í greinagerðinni „samstarf við landsbyggðina“ ýta undir svona „við og hinir“ hugsun.

**Landsbyggðin á að vera hluti af Þjóðaróperu en ekki bara samstarfsaðili.**

Umsagnaraðili er áhugamaður um landsbyggðina, náttúruna og óperulistina

Sævar Þór Halldórsson

## UMSÖGN UM STOFNUN ÞJÓÐARÓPERU

Fyrir hönd Söngskóla Sigurðar Demetz vil ég lýsa yfir eindregnum stuðningi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera) sem hæstvirtur menningar- og viðskiptaráðherra hefur sent frá sér.

Hér er um tímamótaaðgerð að ræða. Stétt söngvara á Íslandi á sér langa sögu aftur til 19. aldar. Íslensk óperusaga er merk en stuðningur stjórnvalda við listgreinina hefur til þessa aldrei náð að endurspegla gríðarlegan áhuga þjóðarinnar fyrir henni. Verði frumvarpsbreytingin að lögum mun það gefa fyrirheit um batnandi tíma og listgreininni sinnt af sömu elju og t.d. leiklist og símfónískri tónlist.

Eitt af þeim tækifærum sem skapast við stofnun Þjóðaróperu getur skapað er að stofnað verði til samstarfs við starfandi menntastofnanir í söngmennt. Þegar ég fyrst kom til starfa sem kennari við heimkomuna til Íslands var rekstur Söngskóla Sigurðar Demetz í miklum blóma en einnig var á þeim tíma rekið óperustúdíó við Íslensku óperuna þar sem nemendur skólans komu fram í sýningum. Einn af mínum nemendum fékk mikilvægt tækifæri til að syngja þar lykilhúttverk í óperu Mozart, Cosí fan tutte. Í dag er sá söngvari fastráðinn við óperuna í Leipzig, einu stærsta óperuhúsi Þýskalands en ég tel auðséð að þetta fyrsta tækifæri hafi haft afgerandi áhrif á það að hann hélt námi áfram erlendis og fetaði braut óperusöngvarans. Íslenska óperan hefur síðustu ár ekki verið nema skugginn af því sem hún var fyrr á árum, þegar kemur að nálgun hennar við raunverulegar þarfir fagsins á Íslandi voru forgangsverkefni. Koma nýrrar Þjóðaróperu mun slaða þá uppeldisstöð ungra listamanna í óperulistinni sem hún áður var, bæði þegar ég hóf störf sem söngvari þar fékk ég mitt fyrsta tækifæri sem söngvari í sýningu á Don Giovanni í Gamla bíói en einnig þegar ég sneri aftur til Íslands til kennslustarfa í upphafi þessarar aldar.

Hugmyndafræðin og vinnan að stofnun Þjóðaróperunnar sem frumvarpið áætlað að stofnuð verði, er unnin og þróuð af stéttinni sjálfri og í nánú samstarfi við fjölda óperulistafólks. Það er forsenda þess að við í stéttinni sjáum fram á möguleika með stofnun Þjóðaróperunnar sem minnir meira á þann tíma þegar Íslenska óperan varð til, upp úr grasrótastarfsemi þeirra sem hana stofnuðu.

Þeir sem leiddu þá grasrótavinnu áttu sér þann draum að við yrðum eins og aðrar menningarþjóðir sem reka stolt Þjóðaróperur. Þeirra draumur var að Íslenska óperan yrði Þjóðarópera en síðar tók þar við hópur stjórnenda sem missti tengsl sín við stétt óperulistafólks í landinu. Rekstur þjóðaróperu er jafnan talinn til hornsteina í menningarlífi vestrænna ríkja. Vilji Íslands teljast marktækt á alþjóða vettvangi er vert að líta til þessa og tryggja að stofnun þjóðaróperu verði að veruleika.

Fyrir hönd Söngskóla Sigurðar Demetz

Gunnar Guðbjörnsson

skólastjóri Söngskóla Sigurðar Demetz ses.


Reykjavík 10. maí 2024

## Umsögn Tónskáldafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera)

Til allsherjar- og menntamálanefndar

Tónskáldafélag Íslands lýsir yfir stuðningi við frumvarpið eins og það hefur verið lagt fyrir á Alþingi Íslendinga og gerir engar athugasemdir þar um. Við notum þó tækifærið og undirstrikum mikilvægi nýsköpunar og fjölbreytni í faginu. Hingað til hafa íslensk tónskáld þurft að leita erlendis til að koma óperum sínum á framfæri og það segir sig sjálft að þannig erum við ekki að bæta miklu við framþróun í starfinu eða íslenska menningu.

Við teljum að með stofnun þjóðaróperu sé lagður risastór hornsteinn að nýju og sterkara tónlistarlífi sem muni styðja við þann öra vöxt og þá listrænu framsýni Íslendinga sem vakið hefur athygli um heim allan.



Páll Ragnar Pálsson

Stjórnarformaður

Umsagnaraðilar: ungir söngvarar (sjá neðst)

27. apríl 2024

936. mál, lagafrumvarp Sviðslistir (Þjóðarópera)

154. löggjafarþing 2023–2024.

Við sem undir umsögn þessa ritum erum stór hópur ungra klassískra söngvara á Íslandi. Hóp þennan mynda bæði söngvarar sem stunda söngnám á háskólastigi héraðs og erlendis, sem og söngvarar sem nýlega hafa lokið háskólamenntun í klassískum söng. Með umsögn þessari viljum við lýsa yfir fullum stuðningi okkar við stofnun þjóðaróperu á Íslandi.

Á Íslandi ríkir mikill áhugi og vilji fyrir listforminu, ekki síst hjá ungu fólki sem m.a. birtist í því hve fjölbreyttur hópur hefur sótt sýningar hjá grasrótinni síðustu ár. Í þeim hópi má finna fólk af öllum aldri, stöðum og stéttum samfélagsins. Grasrótastarfið er blómlegt en hópar eins og Kammeróperan og Sviðslistahópurinn Óður hafa m.a. sett upp vel sóttar óperusýningar síðastliðin misseri. Óperuhátíðin ‘Óperudagar’ stækkar með hverju ári en þar koma fram sjálfstætt starfandi söngvarar og annað listafólk. Grasrótastarf óperulistafólks hlaut Grímuverðlaunin á síðasta ári í flokki ‘Sproti ársins’. Eins má nefna að hópurinn ‘Dáið er allt án drauma’ hlaut sjö tilnefningar til Grímuverðlauna fyrir samtímaóperuna ‘Ekkert er sorglegra en manneskjan’, árið 2021. Þá sigraði sýningin flokkana ‘Tónlist ársins’ og ‘Söngvari ársins’. Síðastliðin ár sýna vel þann sköpunarkraft, metnað, seiglu og eljusemi sem býr í óperusamfélaginu á Íslandi.

Fjöldi Íslendinga hefur í gegnum árin menntað sig í óperusöng og borið hróður lands og þjóðar víða. Þessi hópur býr yfir dýrmætri þekkingu og reynslu sem er ómetanlegur auður þjóðarinnar. Stærstur hluti þeirra sem hefur óperusöng að atvinnu starfar að mestum hluta erlendis en með stofnun þjóðaróperu skapast fleiri söngvurum tækifæri til að búa og starfa á Íslandi og flytja þar með heim ómetanlega þekkingu og þjálfun.



Fjöl margar óperur hafa verið fluttar á Íslandi frá því um miðbik síðustu aldar. Íslensk tónskáld hafa samið íslenskar óperur um söguhetjur úr íslenskum bókmenntum við frábærar viðtökur bæði hérlendis og erlendis. Ópera er heildarupplifun margra listforma sem sameinast í eitt. Við viljum sjá óperulistformið halda áfram að vaxa og dafna hér á landi. Þjóðarópera stuðlar að áframhaldandi grósku og sköpun menningarverðmæta á Íslandi.

Vera Hjördís Matsdóttir

Steinunn Þorvaldsdóttir

María Sól Ingólfssdóttir

Birkir Tjörvi Pálsson

Jara Hilmarsdóttir

Þórhildur Steinunn Kristinsdóttir

Ólafur Freyr Birkisson

Bryndís Guðjónsdóttir

Birgir Stefánsson

Sigurbjörg Telma Sveinsdóttir

Silja Elsabet

Ragnar Pétur Jóhannsson

Bergþóra Linda Ægisdóttir

Hrafnhildur Eva Guðmundsdóttir

Margrét Björk Daðadóttir

Anna Guðrún Jónsdóttir

Ísak Henningsson

Salný Vala Óskarsdóttir

Orri Jónsson

Kristinn Breiðfjörð Þórsson

Steinunn María Þormar

Steinunn Björg Ólafsdóttir

Ragnheiður Petra Óladóttir

Marta Kristín Friðriksdóttir  
Karl Friðrik Hjaltason  
Ellert Blær Guðjónsson  
Tinna Þorvalds Önnudóttir  
Kristín Sveinsdóttir  
Bryndís Ásta Magnúsdóttir  
Áslákur Ingvarsson  
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir  
Kristrún Guðmundsdóttir  
Harpa Ósk Björnsdóttir  
Sandra Lind Þorsteinsdóttir  
Solveig Óskarsdóttir  
Guðrún Brjánsdóttir  
Guðný Guðmundsdóttir  
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir  
Álfheiður Erla Guðmundsdóttir  
Heiðdís Hanna Sigurðardóttir  
Rebekka Ingibjartsdóttir  
Hanna Ágústa Olgeirsdóttir  
Gunnlaugur Bjarnason  
Snæfríður Björnsdóttir  
Kristín Einarsdóttir Mantyla  
Guðrún Margrét Halldórsdóttir  
Snæbjörg Guðmunda Gunnarsdóttir  
Einar Dagur Jónsson  
Una María Bergmann  
Guðmundur Davíðsson  
Halldóra Ósk Helgadóttir  
Una Dóra Þorbjörnsdóttir  
Íris Sveinsdóttir

Steinunn Sigurðardóttir  
Jóhann McClure Óðinsson Waage  
Rosemary Atieno  
Sigríður Salvarsdóttir  
Sigrún López Jack  
Heiðrún Vala Einarsdóttir  
Jóna G. Kolbrúnardóttir  
Jóhann Axel Schram Reed  
Svala Norðdahl  
Hanna Tara Björnsdóttir  
Bjarni Freyr Gunnarsson  
Óskar Snorri Óskarsson  
Sigrún Björk Sævarsdóttir  
Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir  
Freyja Jónsdóttir

Reykjavík, 8. maí 2024

**Umsögn Þjóðleikhússins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera). 936. mál.**

Eftir að síðasta nefnd um Þjóðaróperu hóf störf á árinu 2023 hafa formaður þjóðleikhúsráðs, þjóðleikhússtjóri og framkvæmdastjóri leikhússins átt fundi með nefndinni og fulltrúum ráðuneytisins. Leikhúsið hefur mætt hugmyndum nefndarinnar með opnum hug og samstarfsvilja. Eftir að Menningar, viðskipta- og ferðamálaráðherra lagði fram frumvarp með tillögu um stofnun Þjóðaróperu innan Þjóðleikhússins bókaði þjóðleikhúsráð eftirfarandi einróma:

***Þjóðleikhúsráð fagnar tillögu um stofnun Þjóðaróperu innan ramma Þjóðleikhússins en leggur áherslu á að miklu skiptir að vanda vel til undirbúnings og innleiðingar, svo þetta stóra skref geti orðið sviðslistum á Íslandi til varanlegrar eflingar.***

Leikhúsið telur að Þjóðarópera innan veggja Þjóðleikhússins, með tryggum fjárhagslegum grunni sé skynsamleg leið til að stuðla að framgangi óperulistar í landinu og hægt sé að nýta sambýlið við aðra öfluga starfsemi í Þjóðleikhúsinu til sóknar fyrir sviðslistir í landinu. Þjóðleikhúsið hefur einnig lagt áherslu á að þess verði gætt að tilkoma Þjóðaróperu veiki ekki getu Þjóðleikhússins á nokkurn hátt til að standa undir sviðsetningum leikverka og sýninga af því tagi sem leikhúsið hefur gert undanfarna áratugi. Efldar stoðdeildir þjóðleikhússins geta nýst þjóðaróperunni vel og tryggt að sem mest af fé til hennar fari í listræna framleiðslu.

Þjóðleikhúsið hefur í samtölum við fulltrúa nefndarinnar og ráðuneytisins lagt áherslu á að fjármögnun nýrrar Þjóðaróperu verði tryggð og að samhengi sé á milli skyldna og væntinga og fjármagns sem ætlað er til starfseminnar. Þjóðleikhúsið telur skynsamlegt, eins og lagt er til í frumvarpinu, að Þjóðaróperuhluti þjóðleikhússins njóti eðlilegs sjálfstæðis, án þess þó að girt sé fyrir skynsamlega samlegðarmöguleika listrænt og fjárhagslega. Um árabíl hefur verið ljóst að gera þarf gangskör í húsnæðismálum þjóðleikhússins, bæði þegar kemur að viðhaldi og framþróun, m.a. hefur verið rætt um nauðsyn þess að byggt verði nýtt sviðsrými, svokallaður svartur kassi. Eðlilegt er að nú verði lögð áhersla á að hraða frumathugun vegna þeirra áforma og með tilliti til þess að rými þjóðleikhússins geti einnig þjónað óperustarfsemi.

**Þjóðleikhúsið telur að tillögur í fyrirliggjandi frumvarpi séu stórt framfaraskref fyrir óperulist í landinu og fagnar þeim mikilvæga áfanga.**

Halldór Guðmundsson, formaður þjóðleikhúsráðs

Magnús Geir Þórðarson, þjóðleikhússtjóri

Til Allsherjar- og menntamálanefndar alþingis.  
Berlin.9.5. 2024

Vegna afgreiðslu nefndarinnar á frumvarpi til breytinga á lögum um sviðslistir.

Undirritaður hefur sviðsett á sjöunda tug verka sem leikstjóri bæði í leik- og Óperuhúsum víðsvegar í Evrópu. Var yfirmaður leikhúsmála í Volksbühne í Berlín frá 2018 - 2020 og fastur leikstjóri við leik og óperuhúsið í Wiesbaden um þriggja ára skeið. Undirritaður er handhafi Faust verðlaunanna, leiklistar verðlaunum Þýsku leiklistar akademíunnar fyrir leikstjórn.

Umsögn um lög um sviðslitir - stofnun Þjóðaróperu

Ég tel að með stofnun Þjóðaróperu sé mikið framfaraskref stigið í íslensku menningarlífi.

Það má teljast með ólíkindum hversu margir góðir íslenskir söngvarar starfa í óperuhúsum um allan heim, sérstaklega með hliðsjón af því hversu fáir íslendingar eru. Þetta má rekja til merkilegrar sögu tónlistar á Íslandi og ekki síst því frumkvöðlastarfi sem Íslenska óperan sinnti á sínum tíma. Gátu þá margir söngvarar lifað á því að starfa við söng á Íslandi og íslenskir leikstjórar og annað listrænt starfsfólk fékk tækifæri til þess að dýpka skilning sinn og kunnáttu í þessu gríðarlega flókna og margslungna fagi.

Með stofnun Þjóðóperu verður slíkt möguleiki að nýju, að efla og styrkja undirstöður íslenskrar sönglistar, auka þekkingu og kunnáttu meðal listamanna sem starfa við óperuflutning og uppsetningu óperusýningar og ekki tel ég það síður mikilvægt að með þessu frumvarpi skapast möguleiki til þess að endurvekja áhuga yngri kynslóðar listamanna á listrænu starfi innan óperunnar.

Leikstjórn á óperum er flókið og umfangsmikið verkefni sem krefst mikillar þekkingar og hafa tækifæri til þess að afla sér þessarar þekkingar verið takmörkuð á Íslandi um árabíl. Þau væru vart að finna héraendis ef ekki væri fyrir mikið hugsjónastarf í grasrótinni í íslensku óperulífi en innan íslensku óperunnar hafa aðallega starfað erlendir leikstjórar um árabíl.

Því tel ég það afar mikilvægt sú áhersla sem lögð er í frumvarpinu á eflingu grasrótarinnar og mun það skila sér í kunnáttu og getu íslensks sviðslistafólks til þess að halda um taumana á verkefni eins og leikstýra Óperum er. Einnig tel ég mikilvæg áherslan á, tengingu við landsbyggðina og umfangsmikið kynningarstarf - enda þarf að endurvekja tengsl mun stærri áhorfendahóps við óperuflutning á Íslandi; á það ekki síst við yngri kynslóðir.

Reynsla mín af því að vera yfirmaður í leikhúsinu í Wiesbaden, þar sem Óperu, leik og dans flutningur, sem og uppsetningar þar sem ég hef blandað saman leikhúsi, óperu og dansi, hefur sýnt mér fram á að bæði er mikil samlegð (bæði skipulagslega, fjárhagslega og listrænt) í því að tengja listformin betur saman og auka tækifærið á samstarfi þvert á listform.

Ég tel að stofnun Þjóðaróperu muni vekja mikla athygli erlendis. Þessi áhugi hefur birst mér í mörgum af þeim samtölum sem ég hef átt við óperustjóra í Evrópu um þessi mál. Þessi áhugi er ekki hvað síst til kominn sökum þeirrar áherslu sem lögð er í frumvarpinu á nýsköpun, grasrótarstarf og nýja og ferska nálgun á óperuforminu. Að stofna Þjóðaróperu á þessum tímapunkti gefur tækifæri til þess að endurheimsækja tilurð, menningarlegt samhengi og möguleika óperu formsins og finna þar nýjar lendur sem höfða mun til breiðari hóps áhorfenda. Einnig tel ég gríðarlega mikilvægt þau tækifæri sem skapast munu til handa íslenskum tónskáldum.

Ég lýsi því yfir eindregnum stuðningi við frumvarp um Þjóðaróperu.

Virðingarfyllt

Þorleifur Örn Arnarsson

Leikstjóri